Mynd 5. Hlutfall stelpna í framhaldsskólum árin 2000, 2004, og 2007 eftir því hve auðvelt eða erfitt þær telja að fá ráðleggingar varðandi námið hjá foreldrum sínum.



Mynd 6. Hlutfall stráka í framhaldsskólum árin 2000, 2004, og 2007 eftir því hve auðvelt eða erfitt þeir telja að fá ráðleggingar varðandi námið hjá foreldrum sínum.

Á myndum 5 og 6 má sjá hversu auðvelt eða erfitt ungmenni telja að fá ráðleggingar varðandi námið hjá foreldrum sínum, eftir kyni og búsetu, með skoðun á þróun milli ára 2000, 2004 og 2007. Ungmenni sem búsett eru á höfuðborgarsvæðinu telja sig eiga auðveldara með að fá ráðleggingar varðandi námið hjá foreldrum sínum en þau sem búsett eru utan þess og er munurinn óháður kyni. Aukning er greinanleg milli ára hjá þeim stelpum sem telja sig eiga mjög auðvelt með að fá ráðleggingar frá foreldrum sínum og er það óháð búsetu. Eins er aukning á strákum utan höfuðborgarsvæðisins sem telja sig eiga mjög auðvelt með að fá ráðleggingar varðandi námið. Hjá strákum búsettum á höfuðborgarsvæðinu er um 6,4% aukning hjá þeim sem telja sig eiga mjög auðvelt með að fá ráðleggingar varðandi námið þegar litið er til ára 2000 og 2004. Hjá strákum búsettum utan höfuðborgarsvæðis er aukningin 9,5% frá árinu 2000 til ársins 2007. Ungmenni sem búsett eru utan höfuðborgarsvæðis telja frekar en þau sem búsett eru á höfuðborgarsvæðinu að þau eigi mjög eða frekar erfitt með að fá ráðleggingar varðandi námið og er sá munur óháður kyni. Undantekning á þessum mun er árið 2007 en þá er um 14,5% stráka sem telja sig eiga mjög eða frekar erfitt með að fá ráðleggingar varðandi námið frá foreldrum sínum og er það óháð búsetu.

Samantekt úr myndum í fyrsta hluta

Samantekt úr myndum 1 til 6 sýnir að yfirgnæfandi meirihluti stráka og stelpna telja að foreldrum sínum þyki mikilvægt að þau standi sig vel á námi. Þetta hlutfall er enn fremur óháð búsetu og hefur lítið sem ekkert breyst yfir tíma. Þá kemur fram að hlutfallslega fleiri stelpur og strákar segjast oft tala saman með foreldrum sínum árið 2007 en árið 2000 en einnig að stelpur eyða meiri tíma með foreldrum sínum en strákar, hvort sem litið er til tíma til að tala saman, horfa á sjónvarp, eða stunda íþróttir eða útvist með foreldrum sínum. Einnig telur meirihluti nemenda að þau eigi auðvelt með að fá ráðleggingar varðandi nám hjá foreldrum sínum, en þó svara 15% til 20% framhaldsskólanema því til að þau eigi frekar eða mjög erfitt með að fá slíkar ráðleggingar hjá foreldrum sínum.

Að auki má benda á töflur 53-67 á bls. 147-154 þar sem fleiri upplýsingar um samband framhaldsskólanema við foreldra sína er að finna.

Jafningjar

Félagslíf ungmenna fer að miklu leyti fram í hópi jafningja¹¹. Áhrif jafningjahópsins á líf unglunga hafa mikið verið til umfjöllunar í rannsóknum sem beinast að ungmennum. Oftast sýna þær að áhrif jafningjahópsins eru sterk og að hugmyndir, viðmið og gildi hópsins eru jafnan mikilvægustu atriðin sem fram koma þegar spá á fyrir um tiltekna þætti innan hans¹² ásamt þáttum sem tengjast foreldrum og fjölskyldu. Námsárangur er þar ágætt dæmi. Unglingar sem eiga vini og félagi sem gengur vel í námi eru líklegri til að ganga einnig vel en þeir sem eiga vini sem gengur verr í námi sínu.¹³ Margskonar áhættuhegðun og heilsuhegðun barna og ungmenna hefur einnig verið rannsökuð vandlega m.t.t. jafningjanna. Benda þær meðal annars til að unglingar sem stunda íþróttir og reglulega hreyfingu séu líklegri til að eiga vini sem gera svo einnig¹⁴, og þá stuðla neikvæð viðbrögð félaganna við tóbaksnotkun að minnkandi líkum á slíkri neyslu.¹⁵ Einnig hafa rannsóknir sýnt að skemmtanalífsstíll jafningjanna hefur áhrif á líkur á vímuefnanotkun unglunga¹⁶.

Á myndum 7 til 14 í öðrum hluta getur að líta á niðurstöður sem sýna þróun yfir tíma á mikilvægi náms meðal stráka og stelpna á höfuðborgarsvæðinu og utan þess, í ljósi þess hvort þau telji að vinum og vinkonum finnist námið mikilvægt, á samverutíma með skólafélögum utan skólatíma, hve auðvelt eða erfitt þau telji að fá vini sína í samræður um persónuleg málefni, og hvort þau telji aðstoð við ýmis verk auðfengna hjá félögunum.

¹¹ Sutherland 1978; Hirchi, 1969, Bandura, 1977.


¹² Altermatt og Pomerantz 2005; Bowker o.fl 2000; Carter o.fl. 2003.

¹³ Zettergren 2003.


¹⁴ Álfgeir Logi Kristjánsson o.fl. 2006.

¹⁵ Álfgeir Logi Kristjánsson o.fl. 2008a.

¹⁶ Þórólfur Þórlindsson og Jón Gunnar Bernburg, 2006.




Mynd 7. Hlutfall stelpna í framhaldsskólum árin 2000, 2004, og 2007 eftir fullyrðingunni: „Vinum mínum finnst mikilvægt að standa sig vel í námi”.




Mynd 8. Hlutfall stráka í framhaldsskólum árin 2000, 2004, og 2007 eftir fullyrðingunni: „Vinum mínum finnst mikilvægt að standa sig vel í námi”.

Á myndum 7 og 8 getur að líta hlutfall stelpna og stráka í framhaldsskólum árin 2000, 2004 og 2007 eftir fullyrðingunni „Vinum mínum finnst mikilvægt að standa sig vel í námi“. Bæði kynin eru almennt frekar sammála því að vinum þeirra finnst mikilvægt að standa sig vel í námi og er það óháð búsetu. Hlutfall stráka búsettum á höfuðborgarsvæðinu sem telja að vinum þeirra finnst mikilvægt að standa vel í námi fer þó aðeins lækkandi. Þar má sjá 3,1% lækkun milli árána 2004 og 2007. Talsverðan kynjamun má greina í svörun þeirra sem eru mjög eða frekar ósammála því að vinum þeirra finnst mikilvægt að standa sig vel í námi. Rúmlega 20% stráka segja svo vera öll árin sem eru hér til athugunar, óháð búsetu, en um og yfir 10% stelpna. Það verkur einnig athygli hve stöðug þessi hlutföll eru yfir tíma.




Mynd 9. Hlutfall stelpna í framhaldsskólum árin 2000, 2004, og 2007 eftir fullyrðingunni: „Ég er með skólafélögum utan skólatíma”.




Mynd 10. Hlutfall stráka í framhaldsskólum árin 2000, 2004, og 2007 eftir fullyrðingunni: „Ég er með skólafélögum utan skólatíma”.

Á myndum 9 og 10 má sjá hlutfallslega svörun stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000, 2004 og 2007 eftir fullyrðingunni: „Ég er með skólafélögum utan skólatíma”. Þegar á heildina er litið svara flestir því til meðal beggja kynja að þau eyði oft tíma með skólafélögum utan skólatíma. Ungmenni búsett utan höfuðborgarsvæðis virðast þó frekar eyða tímanum saman utan skólatíma og á það einnig við þegar kemur að því að vera nær alltaf með skólafélögum utan skólatíma, óháð kyni. Árið 2007 segjast 38,7% stráka utan höfuðborgarsvæðis oftast vera með skólafélögum utan skólatíma en 30,4% stráka á höfuðborgarsvæðinu. Hlutfall stelpna utan höfuðborgarsvæðisins sem segja slíkt hið sama er 35,6% á móti 31,1% stelpna búsettum á höfuðborgarsvæðinu.




Mynd 11. Hlutfall stelpna í framhaldsskólum árin 2000, 2004, og 2007 eftir því hve auðvelt eða erfitt þær telja að fá vini sína í samræður um persónuleg málefni.




Mynd 12. Hlutfall stráka í framhaldsskólum árin 2000, 2004, og 2007 eftir því hve auðvelt eða erfitt þeir telja að fá vini sína í samræður um persónuleg málefni.

Á myndum 11 og 12 má sjá hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000, 2004, og 2007 eftir því hve auðvelt eða erfitt þau telja að fá vini sína í samræður um persónuleg málefni. Hjá stelpum búsettum á höfuðborgarsvæðinu sem telja sig eiga mjög auðvelt með að fá vini sína í samræður um persónuleg málefni er nánast engin breyting þegar lítið yfir tíma; hlutfallið er rúmlega 77% öll árin. Hlutfallið er örlítið lægra hjá stelpum búsettum utan höfuðborgarsvæðis árið 2007 eða 74,4% á móti 77,8% hjá stúlkum búsettum á höfuðborgarsvæðinu. Hjá strákum búsettum á höfuðborgarsvæðinu er hlutfallið hins vegar 44,9% árið 2007 hjá þeim sem telja sig eiga mjög auðvelt með að fá vini sína í samræður um persónuleg málefni. Mikinn kynjamun má því sjá á svörum við þessari spurningu. Einnig má sjá að strákar eru mun líklegri en stelpur til að segja mjög eða frekar erfitt að fá vini sína í samræður um persónuleg málefni. Sem dæmi telja tæp 17% stráka á höfuðborgarsvæðinu svo vera árið 2007 en um 4% stelpna.



Mynd 13. Hlutfall stelpna í framhaldsskólum árin 2000, 2004, og 2007 eftir því hve auðvelt eða erfitt þær telja að fá aðstoð við ýmis verk hjá vinum sínum.



Mynd 14. Hlutfall stráka í framhaldsskólum árin 2000, 2004, og 2007 eftir því hve auðvelt eða erfitt þeir telja að fá aðstoð við ýmis verk hjá vinum sínum.

Á myndum 13 og 14 má sjá hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum með samanburði milli ára 2000, 2004 og 2007 eftir því hve auðvelt eða erfitt þeim finnst að fá aðstoð við ýmis verk hjá vinum sínum. Stelpur svara því oftast til að þær eigi mjög auðvelt með að fá aðstoð með ýmis verk hjá vinum sínum og er það óháð búsetu. Um 55,7% stelpna á höfuðborgarsvæðinu svara þessu til árið 2007 en 42% stráka á höfuðborgarsvæðinu. Strákar telja það almennt frekar auðvelt, eða 46,3% stráka á höfuðborgarsvæðinu árið 2000 en 48,5% árið 2004 og loks 47,1% árið 2007. Í heild verða litlar breytingar á milli ára meðal beggja kynja, óháð búsetu, en stelpur eru þó mun líklegri en strákar til að segja það mjög auðvelt að fá aðstoð við ýmis verk hjá vinum sínum. Strákar eru einnig hlutfallslega töluvert fleiri en stelpur í hópi þeirra sem segjast eiga frekar eða mjög erfitt með að fá aðstoð við ýmis verk hjá vinum sínum. Á heildina lítið eru þó fremur fáir sem telja það mjög eða frekar erfitt að fá aðstoð við ýmis verk hjá vinum sínum.

Samantekt úr myndum í öðrum hluta

Samantekt úr myndum 7 til 14 ber með sér að flestir framhaldsskólanemar telja að vinum sínum þyki frekar eða mjög mikilvægt að standa sig vel í námi. Þetta hlutfall hefur lítið breyst yfir tíma. Hins vegar segjast um og yfir 10% stelpna og um 20% til 23% stráka frekar eða mjög ósammála þeirri fullyrðingu að vinum sínum þyki mikilvægt að standa sig vel í námi. Flestir strákar og stelpur í framhaldsskólum segjast oft eða nær alltaf vera með skólafélögum utan skólatíma og hefur þetta hlutfall breyst mjög lítið frá 2000 til 2007. Þá segjast um 95% stelpna eiga frekar eða mjög auðvelt með að fá vini sína í samræður um persónuleg málefni og hefur þetta hlutfall breyst mjög lítið yfir tíma, en hins vegar eru töluvert færri strákar sem segja svo vera. Þá eru strákar einnig líklegri en stelpur til að eiga erfitt með að fá aðstoð við ýmis verk hjá vinum sínum en um 11% til 12% stráka telja mjög eða frekar erfitt að fá aðstoð við ýmis verk hjá vinum sínum samanborið við 6% til 9% stelpna.

Að auki má benda á töflur 68-75 á bls 154-158 þar sem fleiri upplýsingar um tengsl framhaldsskólanema við vini og jafningja er að finna.

Nám og skóli


Margar rannsóknir sýna að samband barna og ungmenna við skólann sinn, líðan þeirra í skólanum, og skuldbinding þeirra við námið séu mikilvægir þættir í líðan þeirra og sjálfsmynd¹⁷. Framhaldsskólinn er vinnustaður þeirra ungmenna sem hann sækja og þar verja þau drjúgum tíma á mótandi aldurskeiði. Félagsleg þróun í lífi ungmenna er mikil og hröð á þessum árum og gegnir skólinn því margþættu hlutverki í lífi þeirra. Margir eignast vini og félagar ævilangt og er félagsskapur skólafélaganna mikilvægur hluti þess að stunda nám í framhaldsskóla. Rannsóknir sýna þannig að lífsstíll unglinga á þessum árum er sterklega tengdur námsárangri¹⁸. Enn fremur sýna rannsóknir að áhrifin af stuðningi foreldra og skólafélaga eru mikilvæg á framhaldsskólaárunum.¹⁹

Á myndum 15 til 32 má sjá athugun yfir tíma á því hvernig framhaldsskólanemendur telja sig undirbúna undir framhaldsskólanámið, hve miklum tíma þeir segjast eyða í heimanám, og hvort þeir telji að námið sé tilgangslaust eða að þeim leiðst námið. Þá getur að líta skoðun yfir tíma á fjölda nemenda sem segja námið of létt eða of þungt, hvort þeir telji að þeir myndu læra meira ef þeir fengju sjálfir að ráða meiru um nám sitt, og athugun á því hve margir telja að lesblinda, lítill leshraði eða skrifblinda hafi áhrif á námsframmistöðu sína. Þá eru nemendur spurðir hvort þeir telji að þeir myndu taka fleiri verklega áfanga og listgreinaáfanga ef slíkt stæði þeim til boða, og hvort þeir myndu vilja hafa meira val í námi sínu. Einnig eru athugaðar helstu ástæður fyrir vali nemenda á framhaldsskóla, og þróun í fjölda þeirra sem ætla sér í háskólanám eða annað nám að loknum framhaldsskólanum.


¹⁷ Álfgeir Logi Kristjánsson o.fl. 2005, 2006; Coleman 1988; Hirchi 1969.

¹⁸ Crosnoe o.fl. 2002; Lahelma 2002; Roeser o.fl. 1996; Smerdon 2002.

¹⁹ Colarossi 2001; Finnbogi Gunnarsson o.fl. 1996; Jón Gunnar Bernburg og Rannveig Þórisdóttir 1997.




Mynd 15. Hlutfall stelpna í framhaldsskólum árin 2000, 2004, og 2007 eftir því hvernig þeim finnst þær hafa verið undirbúnar undir námið í framhaldsskólanum.




Mynd 16. Hlutfall stráka í framhaldsskólum árin 2000, 2004, og 2007 eftir því hvernig þeim finnst þeir hafa verið undirbúnir undir námið í framhaldsskólanum.

Á myndum 15 og 16 má sjá hlutfall stelpna og stráka í framhaldsskólum árin 2000, 2004 og 2007 eftir því hvernig þeim finnst þau hafa verið undirbúin undir námið í framhaldsskólanum. Ef litið er á svör stráka og stelpna utan höfuðborgarsvæðis árið 2007 sem telja sig mjög vel undirbúin undir nám í framhaldsskóla eru 19,6% stelpna sem telja það eiga við um sig en 15,1% stráka. Hins vegar telja 64,1% stelpna og 60,9% stráka sem búsett eru utan höfuðborgarsvæðis sig vera fremur vel undirbúin/n undir námið árið 2007. Hlutfall þeirra sem telur sig mjög eða fremur illa undirbúin undir námið í framhaldsskólum er hærra hjá strákum en stelpum öll árin sem um ræðir og er það óháð búsetu. Árið 2004 sögðust 29,5% stráka á höfuðborgarsvæðinu vera mjög eða fremur illa undirbúnir undir nám í framhaldsskóla en árið 2007 var þetta svarhlutfall 23,1%.




Mynd 17. Hlutfall stelpna í framhaldsskólum árin 2000, 2004, og 2007 eftir því hve miklum tíma þær segjast eyða daglega í heimanám.




Mynd 18. Hlutfall stráka í framhaldsskólum árin 2000, 2004, og 2007 eftir því hve miklum tíma þeir segjast eyða daglega í heimanám.

Á myndum 17 og 18 má sjá hlutfall stelpna og stráka í framhaldsskólum árin 2000, 2004 og 2007 eftir því hve miklum tíma þau segjast eyða daglega í heimanám. Talsverðan mun má sjá milli stelpna og stráka í þessari svörun. Strákar eyða almennt minni tíma í heimanám en stelpur og er það óháð búsetu. Um 60,1% stráka utan höfuðborgarsvæðisins segjast eyða um ½ klukkustund eða minna daglega í heimanám árið 2007 á móti 30% stelpna. Um 37,1% stelpna á höfuðborgarsvæðinu segjast eyða um tveimur klukkustundum eða meira í heimanám daglega árið 2007 á móti 17,4% stráka. Minni dreifing er í svörun stelpna þegar þróun yfir tíma er skoðuð samanborið við stráka.




Mynd 19. Hlutfall stelpna í framhaldsskólum árin 2000, 2004, og 2007 sem segja það eiga oft eða nær alltaf við um sig að þeim finnist námið tilgangslaust, og að þeim leiðist námið.




Mynd 20. Hlutfall stráka í framhaldsskólum árin 2000, 2004, og 2007 sem segja það eiga oft eða nær alltaf við um sig að þeim finnist námið tilgangslaust, og að þeim leiðist námið.

Á myndum 19 og 20 má sjá hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000, 2004 og 2007 sem segja það eiga oft eða nær alltaf við um sig að þeim finnist námið tilgangslaust og hlutfall þeirra sem segir að þeim leiðist námið. Á myndunum má sjá talsverðan kynjamun óháð búsetu. Strákar eru líklegri til að þykja námið leiðinlegt og tilgangslaust. Árið 2004 sögðust 31,1% stráka utan höfuðborgarsvæðisins að þeim leiddist námið í samanburði við 24,4% stráka árið 2007. Þá segjast 14,3% stelpna utan höfuðborgarsvæðisins að þeim leiðist námið og um 3,0% finnst námið tilgangslaust ef árið 2007 er skoðað sérstaklega. Samanborið við árið 2004 þá voru 17,4% stelpna utan höfuðborgarsvæðisins sem þótti námið leiðinlegt en 3,5% sem þótti það tilgangslaust.




Mynd 21. Hlutfall stelpna í framhaldsskólum árin 2000, 2004, og 2007 sem segja það eiga oft eða nær alltaf við um sig að þeim finnist námið of létt, eða of þungt.




Mynd 22. Hlutfall stráka í framhaldsskólum árin 2000, 2004, og 2007 sem segja það eiga oft eða nær alltaf við um sig að þeim finnist námið of létt, eða of þungt.

Á myndum 21 og 22 má sjá samanburð á hlutfalli stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000, 2004 og 2007 sem segja það eiga oft eða nær alltaf við um sig að þau telji námið of létt eða of þungt. Lítil munur er á hlutföllum stráka og stelpna milli ára en innbyrðis munur á milli kynjanna er merkjanlegur. Greinanlegur munur er þegar litið er til búsetu, þannig telja fleiri ungmenni búsett utan höfuðborgarsvæðisins námið of þungt, og jafnframt eru þau færri sem telja það of létt. Þá finnst hlutfallslega fleiri stelpum en strákum námið of þungt og að sama skapi færri að það sé of létt og er þróunin svipuð á milli ára.




Mynd 23. Hlutfall stelpna í framhaldsskólum árin 2000, 2004, og 2007 sem segjast mjög eða frekar sammála fullyrðingunni: „Ef ég fengi að ráða meiru sjálf um námið myndi ég læra meira”.




Mynd 24. Hlutfall stráka í framhaldsskólum árin 2000, 2004, og 2007 sem segjast mjög eða frekar sammála fullyrðingunni: „Ef ég fengi að ráða meiru sjálfur um námið myndi ég læra meira”.

Á myndum 23 og 24 má sjá hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000, 2004 og 2007 sem segjast frekar eða mjög sammála fullyrðingunni: „Ef ég fengi að ráða meiru sjálfur um námið myndi ég læra meira”. Í þessari spurningu má greina talsverðan kynjamun í svörun og er það óháð búsetu og þróun yfir tíma. Árið 2007 eru um 36% stráka frekar sammála fullyrðingunni bæði á höfuðborgarsvæðinu og utan þess, en hins vegar eru tæp 18% stráka á höfuðborgarsvæðinu mjög sammála fullyrðingunni árið 2007, en tæp 15% utan höfuðborgarsvæðisins. Samskonar hlutföll meðal stelpna árið 2007 eru 32,6% og 29,4% sem segjast frekar sammála en tæp 12% stelpna á höfuðborgarsvæðinu og rúm 11% utan þess segjast mjög sammála fullyrðingunni árið 2007.




Mynd 25. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2007 sem segja eftirtalda þætti hafa mikil eða mjög mikil áhrif á námsframmistöðu hjá sér; lesblinda, lítill leshraði, skrifblinda.

Á mynd 25 má sjá hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árið 2007 sem telja að lesblinda, lítill leshraði, eða skrifblinda dragi úr námsframmistöðu sinni. Kynin koma nánast eins út þegar skoðað er svarhlutfall vegna lesblindu og er það óháð búsetu. Hins vegar má greina örlítinn mun milli ungmenna á höfuðborgarsvæðinu og utan þess, þar sem fleiri ungmenni utan höfuðborgarsvæðis telja lesblindu hafa áhrif á námsframmistöðu sína. Stúlkur virðast frekar en strákar telja að lítill leshraði hafi mikil eða mjög mikil áhrif á námsframmistöðu sína eða rúm 11% á höfuðborgarsvæðinu og rúm 13% utan þess á móti 9,6% stráka á höfuðborgarsvæðinu og rúmum 10% utan þess. Þá telja fleiri strákar á höfuðborgarsvæðinu en stúlkur að skrifblinda hamli frammistöðu sína í námi, eða 4,4% stráka á móti 3,2% stelpna. Munur milli kynjanna utan höfuðborgarsvæðisins á þessum þætti er vart greinanlegur.




Mynd 26. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2007 sem segja það eiga mjög eða frekar vel við um sig að þau hafi áhuga á að taka fleiri verklega áfanga, fleiri listgreinaáfanga, og hafa meira frjálst val á hverri námsbraut.

Á mynd 26 má sjá hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árið 2007 sem segja það eiga mjög eða frekar vel við um sig að þau hafi áhuga á að taka fleiri verklega áfanga, listgreinaáfanga, og að hafa meira val á námsbrautum sínum. Kynin virðast bæði mjög áhugasöm um það að fá fleiri verklega áfanga inn í framhaldsskólana og ungmenni utan höfuðborgarsvæðisins virðast hlynntari því en þau sem búsett eru á höfuðborgarsvæðinu. Stelpur virðast hlynntari listgreinaáföngum en strákar og er það óháð búsetu. Bæði kynin koma mjög svipað út þegar kemur að því að vilja meira og frjáltsara val inn í framhaldsskólunum og er það óháð búsetu. Á höfuðborgarsvæðinu svara um 85,6% stelpna því til á móti 82,2% stráka. Utan höfuðborgarsvæðisins er samskonar hlutfall 84,8% stelpna á móti 84,5% stráka, og er sá munur vart greinanlegur.




Mynd 27. Hlutfall stelpna í framhaldsskólum árin 2000, 2004, og 2007 sem segja eftirtaldar ástæður hafa ráðið frekar eða mjög miklu um val sitt á framhaldsskóla: Nálægð skóla, val félaganna, möguleikar á háskólanámi að loknu stúdentsprófi.




Mynd 28. Hlutfall stráka í framhaldsskólum árin 2000, 2004, og 2007 sem segja eftirtaldar ástæður hafa ráðið frekar eða mjög miklu um val sitt á framhaldsskóla: Nálægð skóla, val félaganna, möguleikar á háskólanámi að loknu stúdentsprófi.

Á myndum 27 og 28 má sjá hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum og þróun á milli árunna 2000, 2004 og 2007 á þáttum sem nemendur telja að réðu frekar eða mjög miklu um val þeirra á framhaldsskóla. Utan höfuðborgarsvæðisins hefur nálægð skóla mikið að segja um hvaða skóli er valinn og er það óháð kyni. Hjá ungmennum búsettum á höfuðborgarsvæðinu hafa möguleikar á háskólanámi frekar eða mjög mikið með val á framhaldsskóla að gera og er sú þróun svipuð á milli ára. Hjá stelpunum er svarhlutfallið örlítið hærra en hjá strákunum eða 62,6% á móti 58,0% ef árið 2007 er skoðað. Val félaganna á framhaldsskóla hefur mun meira að segja hjá ungmennum utan höfuðborgarsvæðisins og er það óháð kyni. Til samanburðar má sjá að um 47% stelpna utan höfuðborgarsvæðisins gefa það upp sem ástæðu um val á framhaldsskóla, á móti tæpum 25% stelpna á höfuðborgarsvæðinu ef árið 2007 er skoðað.




Mynd 29. Hlutfall stelpna í framhaldsskólum árin 2000, 2004, og 2007 sem segja eftirtaldar ástæður hafa ráðið frekar eða mjög miklu um val sitt á framhaldsskóla: Ímynd skólans, félagslíf í skólanum, áhugi á námi.



Mynd 30. Hlutfall stráka í framhaldsskólum árin 2000, 2004, og 2007 sem segja eftirtaldar ástæður hafa ráðið frekar eða mjög miklu um val sitt á framhaldsskóla: Ímynd skólans, félagslíf í skólanum, áhugi á námi.

Á myndum 29 og 30 má einnig sjá samanburð á ýmsum þáttum sem framhaldsskólanemar telja mikilvæga í vali sínu á framhaldsskóla, milli ára 2000, 2004 og 2007, sem og eftir búsetu. Bæði kynin segja áhuga á náminu skipta miklu máli í vali þeirra á framhaldsskóla og breytist það lítið milli ára ásamt því að vera óháð búsetu. Hlutfallið er þó talsvert hærra hjá stelpum en strákum og er það óháð búsetu. Athygli vekur þó að hlutfall stúlkna á höfuðborgarsvæðinu hefur lækkað úr 81,3% árið 2000 í 76,4% árið 2007 eða um tæp 5% hjá stelpum á höfuðborgarsvæðinu. Hjá stelpum virðist félagslífið í skólanum almennt skipta meira máli en ímynd skólans en þó er vart greinanlegur munur árið 2004 hjá stelpum á höfuðborgarsvæðinu. Hjá strákum utan höfuðborgarsvæðisins skiptir félagslíf í skólanum meira máli en ímynd skólans og helst sá munur milli ára. Hjá strákum á höfuðborgarsvæðinu er fremur lítil breyting á milli ára og munur á hlutfalli milli þessa tveggja þátta vart greinanlegur.




Mynd 31. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2004 og 2007 sem segja mjög eða frekar líklegt að þau ætli í háskólanám á Íslandi strax að loknu núverandi námi.

Á mynd 31 ber að líta skoðun á hlutfalli stráka og stelpna á höfuðborgarsvæðinu og utan þess, árin 2004 og 2007, sem telja frekar eða mjög líklegt að þau ætli í háskólanám á Íslandi að loknum framhaldsskólanum. Það vakti töluverða athygli í skýrslunni *Ungt Fólk 2004*, sem einnig var gefin út í samstarfi menntamálaráðuneytisins og Rannsóknna & greiningar, að mikil fjölgun var í hópi þeirra nemenda sem töldu líklegt að þeir sækja háskólanám á Íslandi milli ára 2000 og 2004. Hins vegar eru ákveðin aðferðafræðileg vandkvæði við túlkun þessara niðurstaðna þar sem spurningarnar um háskólanám á Íslandi árið 2000 voru ólíkar þeim sem notaðar voru árið 2004²⁰. Spurningarnar eru hins vegar þær sömu árið 2007 og árið 2004 og því að fullu samanburðarhæfar.

Eins og sjá má á myndinni er hlutfall þeirra sem telja frekar eða mjög líklegt að þau ætli í háskólanám enn að aukast. Árið 2004 töldu tæp 63% stráka á höfuðborgarsvæðinu frekar eða mjög líklegt að þeir myndu sækja háskólanám á Íslandi strax að loknum framhaldsskólanum og 64,5% stelpna. Þessi hlutföll eru komin í tæp 68% meðal beggja kynja árið 2007. Munur milli kynja er hins vegar töluverður utan höfuðborgarsvæðisins,

²⁰ Árið 2000 var spurt tveggja spurninga; hvort tveggja um nám í Háskóla Íslands og annað háskólanám á Íslandi. Hins vegar er árið 2004 og 2007 einungis um eina spurningu að ræða, um háskólanám á Íslandi.

en samt sem áður eru fleiri strákar og stelpur sem telja frekar eða mjög líklegt að þau ætli sér að sækja háskólanám á Íslandi að loknum framhaldsskólanum árið 2007 en árið 2004. Þannig sögðust tæp 51% stráka myndu gera svo árið 2004 en 54,5% árið 2007. Meðal stelpna fer hlutfallið úr tæplega 61% í tæp 63%.



Mynd 32. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2004 og 2007 sem segja mjög eða frekar líklegt að þau ætli í nám á Íslandi sem ekki er á háskólastigi strax að loknu núverkandi námi.

Á mynd 32 má sjá athugun á hlutfalli stráka og stelpna á höfuðborgarsvæðinu og utan þess, árin 2004 og 2007, sem telja frekar eða mjög líklegt að þau fari í nám á Íslandi sem ekki er á háskólastigi strax að loknu núverkandi námi. Eins og sjá má er hér er um öfuga þróun að ræða miðað við hlutfallslegan fjölda nemenda sem telja líklegt að þeir muni sækja háskólanám strax að loknum framhaldsskólanum. Þannig sögðust rúm 25% stráka og rúm 24% stelpna á höfuðborgarsvæðinu telja það frekar eða mjög líklegt að þau myndu sækja nám strax að loknum framhaldsskólanum, sem ekki er á háskólastigi, en þetta hlutfall lækkar niður í 21% meðal stráka og tæp 22% meðal stelpna árið 2007. Samskonar þróun er uppi á teningnum meðal framhaldsskólanema búsettum utan höfuðborgarsvæðisins. Tæp 36% bæði stráka og stelpna töldu frekar eða mjög líklegt að

Þau myndu sækja nám sem ekki er á háskólastigi strax að loknum framhaldsskólanum árið 2004. Samskonar hlutföll er hins vegar 29,5% meðal stelpna og um 30% meðal stráka árið 2007.

Samantekt úr myndum í þriðja hluta

Í samantekt úr myndum 15-32 kemur fram að stelpur eru líklegri en strákar til að telja sig hafa verið mjög eða fremur vel búnar undir námið í framhaldsskólanum, öll árin sem hér eru til skoðunar. Um fjórðungur stráka telur sig mjög eða fremur illa undirbúinn undir námið í framhaldsskólanum en þó hefur það hlutfall lækkað heldur frá árinu 2000. Mun fleiri strákar en stelpur segjast eyða um ½ klukkustund eða minna í heimanám daglega, eða um 60% óháð búsetu árið 2007. Þetta hlutfall er í kringum 30% meðal stelpna og eru þær einnig mun líklegri til að eyða 2 klukkustundum eða meira á dag í heimanám en strákar, óháð tíma og búsetu. Strákar eru einnig mun líklegri til að leiðast námið, en um fjórðungur þeirra svarar því til árið 2007 en um 14% stelpna. Þá eru strákar líklegri til að finnast námið tilgangslaust en engu að síður finnst fáum framhaldsskólanemum svo vera, eða um 3% stelpna og í kringum 6,5% stráka árið 2007. Þegar kemur að því að skoða hlutfall þeirra sem finnst námið of létt telja mun fleiri strákar en stelpur í framhaldsskólum svo vera en hins vegar telur svipað hlutfall beggja kynja að námið sé of þungt eða um fimmtungur árið 2007, óháð búsetu. Um og yfir 40% stelpna og um helmingur stráka í framhaldsskólum segjast mjög eða frekar sammála þeirri fullyrðingu að þau myndu læra meira ef þau fengju að ráða meiru sjálf um námið. Þetta hlutfall hefur lítið breyst milli ára og er óháð búsetu. Árið 2007 svara um 7,5% stelpna og 8,5% stráka því til að lesblinda hafi mikil eða mjög mikil áhrif á námsframmistöðu þeirra, en heldur fleiri telja að lítill leshraði hafi mikil áhrif þar á. Þá telja um og yfir 4% beggja kynja að skrifblinda hafi mikil eða mjög mikil áhrif á námsframmistöðu sína. Mikill meirihluti nemenda er sammála því að þau hafi áhuga á að taka fleiri verklega áfanga og að hafa meira val á hverri námsbraut í framhaldsskólum, og er lítill sem engin munur á kynjunum eða eftir búsetu hvað þetta varðar. Hins vegar eru stelpur hlutfallslega töluvert fleiri en strákar í hópi þeirra sem myndu vilja taka fleiri listgreinaáfanga í námi sínu í framhaldsskóla. Framhaldsskólanemar telja margar ástæður liggja að baki vali þeirra á

framhaldsskóla. Þær helstu eru nálægð skóla, möguleikar á háskólanámi og áhugi á náminu, en færri telja að ímynd skólans eða val félaganna skipti miklu máli í þessum efnum. Að lokum kemur fram að hlutfallslegur fjöldi nemenda í framhaldsskólum sem telja mjög eða frekar líklegt að þau muni sækja nám á háskólastigi hér á landi, strax að loknum framhaldsskólanum, hækkar enn miðað við samanburð frá 2004. Þessi hækkun er um 4-5% í flestum tilfellum. Hins vegar fækkar þeim framhaldsskólanemum heldur, yfir sama tímabil, sem telja frekar eða mjög líklegt að þau muni sækja nám sem ekki er á háskólastigi strax að loknum framhaldsskólanum.

Að auki má benda á töflur 11-52 á bls. 126-146 þar sem margskonar aðrar upplýsingar um nám framhaldsskólanema og tengda þætti er að finna.

Heilsuhegðun og heilsuvísar

Heilsuhegðun (e. health behavior) er hugtak sem vísar til hvers konar hegðunar sem hefur áhrif á heilsu og heilbrigði. Það liggur því í orðanna hljóðan að heilsuhegðun er víðtækt hugtak. Sem dæmi um hegðun sem hefur beina skírskotun til heilsu og heilbrigðis eru svefntími, mataræði, hreyfing, reykingar og áfengisnotkun. Nýjar íslenskar rannsóknir hafa sýnt að ungmenni sem borða hollan mat og neyta minna af sætindum og skyndibitafæði, ásamt því að hreyfa sig reglulega, eru bæði líklegri til að ganga betur í skóla en þeim sem stunda óhollari lífshætti, og einnig eru þau líklegri til að hafa sterkari sjálfsmynd²¹. Þá hafa rannsóknir sýnt að tengsl eru á milli svefntíma og námsframmistöðu meðal unglunga²² sem og á milli neyslu áfengis og tóbaks, og námsárangurs og líðanar²³, og annarrar áhættuhegðunar²⁴.


Á myndum 33 til 39 má sjá athugun yfir tíma á því hve góða nemendur framhaldsskóla telja líkamlega og andlega heilsu sína, fjölda þeirra sem telja sig ekki hafa neinn til að tala við, skoðun á svefntíma og neysluvenjur á grænmeti, ávöxtum, sælgæti og sykrudum gosdrykkjum.

²¹ Inga Dóra Sigfúsdóttir o.fl. 2007; Álfgeir Logi Kristjánsson o.fl. 2008b.

²² Álfgeir Logi Kristjánsson o.fl. 2005.


²³ Álfgeir Logi Kristjánsson o.fl. 2006.

²⁴ Þórólfur Þórlindsson o.fl. 1998




Mynd 33. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000, 2004, og 2007 sem segja líkamlega heilsu sína góða eða mjög góða.

Á mynd 33 gefur að líta samanburð milli ára 2000, 2004 og 2007 á því hvernig stelpur og strákar í framhaldsskólum meta líkamlega heilsu sína. Langflestir meta líkamlega heilsu sína góða eða mjög góða. Í öllum tilfellum telja heldur fleiri strákar en stelpur heilsu sína góða eða mjög góða og er það óháð búsetu. Hins vegar hefur þessi munur dregist saman yfir tíma og er vart merkjanlegur á höfuðborgarsvæðinu árið 2007 en um 4% utan höfuðborgarsvæðisins.




Mynd 34. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000, 2004, og 2007 sem segja andlega heilsu sína góða eða mjög góða.

Á mynd 34 má sjá samanburð milli árunna 2000, 2004 og 2007 á því hvernig stelpur og strákar í framhaldsskólum meta andlega heilsu sína. Langflestir meta andlega heilsu sína góða eða mjög góða en líkt og á mynd 34 eru fleiri strákar en stelpur sem gera svo og er þróun meðal stráka nokkuð jöfn á milli ára og óháð búsetu. Samanburður á milli ára á hlutfalli stelpna á höfuðborgarsvæðinu sýnir aukningu í jákvæðu mati á andlegri heilsu eða úr 74,8% árið 2004 í 77,6% árið 2007. Litlar breytingar hafa orðið á hlutfalli stelpna utan höfuðborgarsvæðisins á milli ára.




Mynd 35. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000, 2004, og 2007 sem segja það eiga mjög eða frekar vel við um sig að þau hafi engan til að tala við.

Mynd 35 sýnir samanburð á hlutfalli stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000, 2004 og 2007 sem segja það eiga frekar eða mjög vel við um sig að þau hafi engan til að tala við. Árin 2000 og 2004 eru fleiri strákar en stelpur sem telja það eiga mjög eða frekar vel um sig að hafa engan til að tala við og er það óháð búsetu. Þetta hlutfall er þó eilítið hærra hjá strákum utan höfuðborgarsvæðisins en innan þess og er það hæst árið 2000 eða 8,1%. Árið 2007 standa hlutföll þannig að 5,3% stráka sem eru búsettir á höfuðborgarsvæðinu segjast ekki hafa neinn til að tala við og 5,0% þeirra sem búa utan höfuðborgarsvæðisins. Þá segjast 3,7% stelpna af höfuðborgarsvæðinu árið 2007 að það eigi frekar eða mjög vel við um þær að þær hafi engan til að tala við en samskonar hlutfall er 4,3% meðal stelpna sem búa utan höfuðborgarsvæðisins.




Mynd 36. Hlutfall stelpna í framhaldsskólum árin 2004 og 2007 eftir því hvað þær segjast sofa margar klukkustundir á nóttu.




Mynd 37. Hlutfall stráka í framhaldsskólum árin 2004 og 2007 eftir því hvað þeir segjast sofa margar klukkustundir á nóttu.

Á myndum 36 og 37 gefur að líta samanburð milli ára 2004 og 2007 á svefntíma framhaldsskólanema, eftir kyni og búsetu. Stelpur virðast almennt sofa fleiri klukkustundir á nóttu en strákar og er það óháð búsetu. Þróunin er einnig svipuð á milli ára. Þó hefur hlutfall stráka sem sofa minna en 6 klukkustundir á nóttu minnkað yfir tíma og á það bæði við höfuðborgarsvæðið og utan þess. Hins vegar segjast fleiri strákar en stelpur sofa um 6 tíma eða minna en 6 tíma á nóttu bæði utan höfuðborgarsvæðisins og innan þess. Árið 2007 segja tæp 23% stráka á höfuðborgarsvæðinu og um 18% utan þess að þeir sofi um 6 tíma á nóttu en samsvarandi hlutföll meðal stelpna eru 17,5% og tæp 14%. Þá segjast 5% til 6% stráka sofa minna en 6 tíma á nóttu en 3% til 4% stelpna svara því til.



Mynd 38. Hlutfall stelpna í framhaldsskólum árin 2004 og 2007 sem segjast neyta ávaxta, grænmetis, sykraðra gosdrykkja, og sælgætis eða sæts kex, daglega eða oft á dag.



Mynd 39. Hlutfall stráka í framhaldsskólum árin 2004 og 2007 sem segjast neyta ávaxta, grænmetis, sykraðra gosdrykkja, og sælgætis eða sæts kex, daglega eða oft á dag.

Á myndum 38 og 39 gefur að líta samanburð á neyslu grænmetis, ávaxta, sælgætis og gosdrykkja meðal stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2004 og 2007. Á myndunum má sjá töluverðan kynjamun í neysluvenjum framhaldsskólanema. Fleiri stelpur en strákar borða ávexti og grænmeti daglega eða oft á dag og er það óháð búsetu. Hins vegar eru strákar hlutfallslega heldur fleiri en stelpur í hópi þeirra sem neyta sælgætis eða sæts kex daglega eða oft á dag. Þá má sjá mikinn mun á fjölda stráka og stelpna sem segjast neyta sykraðra gosdrykkja daglega eða oft á dag og er hlutfallið óháð búsetu. Um 20% stelpna segjast gera svo árið 2007 en yfir 40% stráka. Í heild dregur þó frekar úr neyslu sætinda frá árinu 2004 en neysla ávaxta og grænmetis eykst alment. Á þetta við um bæði kynin óháð búsetu.

Samantekt úr myndum í fjórða hluta

Í samantekt úr myndum 33 til 39 kemur fram að flestir framhaldsskólanemar telja bæði andlega og líkamlega heilsu sína góða eða mjög góða. Hins vegar má greina nokkurn mun milli kynja hvað þetta varðar. Fáir nemendur telja það eiga mjög eða frekar vel við um sig að þau hafi engan til að tala við, eða um 5% stráka árið 2007 og um 4% stelpna. Þessi hlutföll, meðal kynjanna, hafa einnig lækkað heldur frá árinu 2000. Þá segjast rúmlega 70% stelpna sofa um 7-8 klukkustundir á nóttu hverri en heldur færri strákar svara því til. Hins vegar eru strákar fleiri hlutfallslega en stelpur í hópi þeirra sem segjast sofa um 6 klukkustundir á nóttu eða minna. Tæplega 30% stráka á höfuðborgarsvæðinu svara þannig árið 2007 en um 23% stráka utan höfuðborgarsvæðisins. Samsvarandi hlutfall meðal stelpna er tæp 22% á höfuðborgarsvæðinu árin 2007 en 17% utan þess. Þá svarar yfir helmingur stelpna því til að þær neyti bæði grænmetis og ávaxta daglega eða oft á dag árið 2007, óháð búsetu, og hefur þetta hlutfall hækkað töluvert frá árinu 2004. Samskonar þróun er að sjá meðal stráka. Árið 2007 segjast tæplega helmingur þeirra neyta grænmetis og ávaxta en þessi hlutföll voru aðeins rúmur fjórðungur árið 2004. Að auki kemur fram að um 30% stelpna borðar sælgæti eða sætt kex daglega eða oft á dag árið 2007 og um fimmjungur segjast neyta sykraðra gosdrykkja daglega. Samvarandi hlutföll meðal stráka eru töluvert hærri en um 33% þeirra segjast neyta sælgætis eða sæts kex daglega eða oft á dag og um 43% segjast neyta sykraðra gosdrykkja svo oft.

Íþróttir og hreyfing

Ofþyngd og offita er ein mesta heilbrigðisógn mannkyns nú um stundir. Bent hefur verið á að líkamleg hreyfing hafi víða minnkað sökum lífstílsbreytinga, sérstaklega í vestrænum samfélögum²⁵. Ný íslensk rannsókn meðal barna í efstu bekkjum grunnskóla sýnir að sambærileg þróun hefur átt sér stað undanfarin áratug þegar metið er hlutfall þeirra unglunga sem hreyfa sig mikið eða mjög mikið andspænis þeim sem hreyfa sig lítið sem ekki neitt²⁶. Þannig bendir þessi tímagreining til að í þessum aldurhópi hafi hlutfall þeirra sem hreyfa sig mikið eða mjög mikið heldur aukist undanfarin áratug, en að sama skapi hefur hlutfall þeirra sem hreyfa sig lítið sem ekki neitt einnig hækkað. Í ljósi þessa er vert að benda á að rannsóknir sýna ítrekað að unglingar sem stunda íþróttir og/eða líkamspjálfun reglulega eru líklegri til að líða betur en öðrum unglungum²⁷, eru ólíklegri til reykja sígarettur²⁸, nota vímuefni, eða taka þátt í öðru neikvæðu atferli, en aðrir unglingar.²⁹

Á myndum 40 til 59 má sjá athuganir yfir tíma á þátttöku stelpna og stráka í framhaldsskólum í íþróttum og líkamsrækt, á fjölda þeirra sem æfa íþróttir með íþróttafélagi, og helstu ástæður þess að ungmenni hafa hætt að stunda íþróttir með íþróttafélagi. Þá getur að líta skoðun á hlutfalli stráka og stelpna sem segjast reyna á sig líkamlega þannig að þau mæðist verulega eða svitni. Einnig má sjá samanburð á fjölda þátttakenda í ýmsum íþróttagreinum sem og á fjölda þeirra sem stunda líkamsrækt á líkamsræktarstöðvum.


²⁵ Allegrente 2004.

²⁶ Sigríður Þóra Eiðsdóttir o.fl. 2008.


²⁷ Álfgeir Logi Kristjánsson o.fl. (2006).

²⁸ Álfgeir Logi Kristjánsson o.fl. (2008a).

²⁹ Rúnar Vilhjálmsson og Þórólfur Þórlindsson 1992; Þórólfur Þórlindsson o.fl. 1998; Þórólfur Þórlindsson o.fl. 1994.




Mynd 40. Hlutfall stelpna í framhaldsskólum árin 2000, 2004, og 2007 eftir því hve oft þær segjast stunda íþróttir eða líkamsrækt.




Mynd 41. Hlutfall stráka í framhaldsskólum árin 2000, 2004, og 2007 eftir því hve oft þeir segjast stunda íþróttir eða líkamsrækt.

Á myndum 40 og 41 gefur að líta samanburð á hlutfalli stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000, 2004 og 2007 eftir því hve oft í viku þau segjast stunda íþróttir eða líkamsrækt. Stelpur virðast almennt sjaldnar stunda íþróttir eða líkamsrækt en strákar og er það óháð búsetu. Hærra hlutfall stráka en stelpna segist æfa íþróttir eða líkamsrækt 4 sinnum í viku eða oftar. Hjá strákum á höfuðborgarsvæðinu voru 41,5% sem segjast æfa 4 sinnum í viku eða oftar á móti 30,4% stelpna. Þá eru fleiri stelpur en strákar sem segjast stunda íþróttir og líkamsrækt 1-3 í viku og er það óháð búsetu. Hjá stelpum á höfuðborgarsvæðinu árið 2007 eru 52,3% sem segjast æfa 1-3 í viku á móti 43,3% stráka en samskonar hlutföll utan höfuðborgarsvæðisins eru 47,5% og 34,8%. Stelpur eru hlutfallslega fleiri en strákar þegar kemur að því að stunda nær aldrei íþróttir eða líkamsrækt eða sjaldnar en einu sinni í viku. Þó lækkar þetta hlutfall hjá stelpum á milli ára og er sú lækkun óháð búsetu.




Mynd 42. Hlutfall stelpna í framhaldsskólum árin 2000, 2004, og 2007 eftir því hve oft þær segjast stunda íþróttir með íþróttafélagi.




Mynd 43. Hlutfall stráka í framhaldsskólum árin 2000, 2004, og 2007 eftir því hve oft þeir segjast stunda íþróttir með íþróttafélagi.

Á myndum 42 og 43 má sjá hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000, 2004 og 2007, eftir því hve oft þau stunda íþróttir með íþróttafélagi. Stelpur virðast stunda íþróttir með íþróttafélagi sjaldnar en strákar og er það óháð búsetu. Hlutfall þeirra er mun hærra en stráka þegar kemur að því að stunda nær aldrei íþróttir með félagi eða sjaldnar en einu sinni í viku. Utan höfuðborgarsvæðisins segjast 70,8% stelpna en 56,4% stráka stunda íþróttir með íþróttafélagi nær aldrei eða sjaldnar en einu sinni í viku árið 2007. Fleiri strákar en stelpur hlutfallslega æfa oftár íþróttir með íþróttafélagi en þó hefur hlutfall stelpna sem æfðu aldrei eða sjaldan íþróttir lækkað frá árinu 2000 til ársins 2007. Hlutfall stelpna á höfuðborgarsvæðinu sem æfa sjaldan eða aldrei íþróttir lækkaði úr 79% árið 2000 í 72,8% árið 2007 en hjá strákum á höfuðborgarsvæðinu fór þetta hlutfall úr 68,3% árið 2000 í 61,2% árið 2007. Hjá stelpum hefur einnig orðið aukning á milli ára, 1-3 í viku eða oftár, og á það bæði við um stelpur búsettar á höfuðborgarsvæðinu og utan þess.




Mynd 44. Hlutfall stelpna í framhaldsskólum árin 2004 og 2007 sem segja eftirtalin atriði hafa skipt frekar eða mjög miklu máli í þeirri ákvörðun sinni að hætta að stunda íþróttir með íþróttafélagi: Kostnaður (of dýrt), vinir mínir hættu, tímaskortur, mikil samkeppni.




Mynd 45. Hlutfall stráka í framhaldsskólum árin 2004 og 2007 sem segja eftirtalin atriði hafa skipt frekar eða mjög miklu máli í þeirri ákvörðun sinni að hætta að stunda íþróttir með íþróttafélagi: Kostnaður (of dýrt), vinir mínir hættu, tímaskortur, mikil samkeppni.

Á myndum 44 og 45 gefur að líta samanburð á hlutfalli stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2004 og 2007 sem segja eftirtalið hafa skipt frekar eða mjög miklu máli í ákvörðun þeirra að hætta að stunda íþróttir með íþróttafélagi; kostnaður (of dýrt), að vinirnir hafi hætt, tímaskortur eða mikil samkeppni. Eins og sjá má telja flestir hlutfallslega, bæði meðal stelpna og stráka og óháð búsetu, að tímaskortur hafi skipt frekar eða mjög miklu máli í þeirri ákvörðun þeirra að hætta að stunda íþróttir með íþróttafélagi. Milli 50% og 60% beggja kynja telja svo vera árið 2007, en vissulega geta legið fleiri en ein ástæða að baki slíkri ákvörðun. Eins og sjá má telja töluvert margir, eða um og yfir 40%, að það að vinirnir hafi hætt að stunda íþróttir með íþróttafélagi hafi skipt miklu máli í ákvörðun þeirra að gera síkt hið sama. Heldur færri nefna kostnað, að það hafi verið of dýrt að stunda íþróttir. Þá telja fæstir hlutfallslega, af þeim svörum sem tiltekin eru hér, að mikil samkeppni hafi verið frekar eða mjög mikilvæg ástæða þess að þau hættu að stunda íþróttir með íþróttafélagi, en um fjórðungur stelpna og stráka svarar því til árið 2007.




Mynd 46. Hlutfall stelpna í framhaldsskólum árin 2000, 2004, og 2007 eftir því hve oft þær segjast reyna á sig líkamlega þannig að þær mæðist verulega eða svitni.




Mynd 47. Hlutfall stráka í framhaldsskólum árin 2000, 2004, og 2007 eftir því hve oft þeir segjast reyna á sig líkamlega þannig að þeir mæðist verulega eða svitni.

Á myndum 46 og 47 gefur að líta hlutfall framhaldsskólanema árin 2000, 2004 og 2007 eftir því hve oft þeir segjast reyna á sig líkamlega þannig að þeir mæðist verulega eða svitni. Strákar eru hlutfallslega fleiri en stelpur þegar kemur að því að reyna líkamlega á sig 4 sinnum í viku eða oftar, óháð búsetu, og er sú þróun svipuð yfir allt tímabilið. Hærra hlutfall stelpna en stráka segist nær aldrei eða sjaldnar en vikulega reyna á sig líkamlega og er það einnig óháð búsetu. Þó hefur þetta hlutfall lækkað á milli ára, bæði hjá stelpum á höfuðborgarsvæðinu og utan höfuðborgarsvæðisins. Einnig eru fleiri stelpur en strákar sem segjast reyna á sig líkamlega 1-3 í viku. Aukning hefur þó orðið á milli ára hjá þeim stelpum sem reyna á sig líkamlega 4 sinnum í viku eða oftar og á það bæði við um höfuðborgarsvæðið og þær sem búsettar eru utan þess. Árið 2000 sögðust um 27,1% stelpna á höfuðborgarsvæðinu reyna á sig líkamlega þannig að þær mæðist verulega eða svitni 4 sinnum í viku eða oftar, en 32,8% árið 2007. Á meðal stráka hafa þessi hlutföll lítið breist yfir tímabilið.




Mynd 48. Hlutfall stelpna í framhaldsskólum árin 2000, 2004, og 2007 sem stunda handbolta, fótbolta, og körfubolta, fjórum sinnum í viku eða oftar.




Mynd 49. Hlutfall stráka í framhaldsskólum árin 2000, 2004, og 2007 sem stunda handbolta, fótbolta, og körfubolta, fjórum sinnum í viku eða oftar.

Á myndum 48 og 49 má sjá samanburð framhaldsskólanema milli ára 2000, 2004 og 2007 á hlutfalli þeirra sem stunda tiltekna boltaíþróttgreinar fjórum sinnum í viku eða oftar. Færri stelpur en strákar iðka ofangreindar boltaíþróttir og er það óháð búsetu þeirra. Meðal stelpna hefur mesta aukningin yfir tíma orðið í fótbolta. Utan höfuðborgarsvæðisins voru 3,5% stelpna sem iðkuðu fótbolta fjórum sinnum í viku eða oftar árið 2000 en 6,5% árið 2007. Í hinum boltagreininum er fremur lítil breyting milli ára. Strákar iðka helst fótbolta þegar ástundun í ofantöldum greinum er borin saman. Meðal stráka sem búsettir eru utan höfuðborgarsvæðisins hefur orðið mikil aukning. Árið 2000 iðkuðu 3,1% stráka fótbolta en 14,7% árið 2004, aukning um alls 11,6% prósentustig. Á höfuðborgarsvæðinu varð aukning í fótboltaíðkun stráka milli ára 2000 og 2004. Árið 2000 iðkuðu 10,6% stráka fótbolta en 15% stráka árið 2004. Hins vegar dró lítillega úr fjölda stráka á höfuðborgarsvæðinu sem iðka fótbolta 4 sinnum í viku eða oftar árið 2007 og fór ástundun niður í 13,1%.




Mynd 50. Hlutfall stelpna í framhaldsskólum árin 2000, 2004, og 2007 sem stunda fimleika, frjálsar íþróttir og sund, fjórum sinnum í viku eða oftar.




Mynd 51. Hlutfall stráka í framhaldsskólum árin 2000, 2004, og 2007 sem stunda fimleika, frjálsar íþróttir og sund, fjórum sinnum í viku eða oftar.

Á myndum 50 og 51 má skoða samanburð á hlutfalli framhaldsskólanema milli ára 2000, 2004 og 2007 sem stunda ofangreindar íþróttagreinar fjórum sinnum í viku eða oftar. Í stuttu máli eru fáir sem iðka þessar greinar 4 sinnum í viku eða oftar og hefur hlutfallslegur fjöldi breyst lítið yfir tímabilið frá árinu 2000 til 2007. Flestir iðka sund og einnig eru fimleikar meðal stelpna með hærri hlutföllum í þessum samanburði. Þó er, eins og áður sagði, lítil breyting á milli ára. Árið 2004 æfðu 0,8% stelpna á höfuðborgarsvæðinu fimleika 4 sinnum í viku eða oftar, en 1,5% árið 2007. Þróunin er svipuð á höfuðborgarsvæðinu og utan þess. Hjá strákuðum eru flestir sem stunda sund og frjálssar íþróttir svo oft í viku en einnig er lítil breyting á milli ára meðal þeirra, óháð búsetu.




Mynd 52. Hlutfall stelpna í framhaldsskólum árin 2000, 2004, og 2007 sem stunda skíði eða gönguskíði, snjóbretti og skauta (annað en íshokki), vikulega eða oftar.




Mynd 53. Hlutfall stráka í framhaldsskólum árin 2000, 2004, og 2007 sem stunda skíði eða gönguskíði, snjóbretti og skauta (annað en íshokki), vikulega eða oftar.

Á myndum 52 og 53 má skoða samanburð á hlutfalli framhaldsskólanema milli ára 2000, 2004 og 2007 sem stunda ofangreindar vetrariþróttagreinar vikulega eða oftár. Hjá báðum kynjum eru snjóþrettin stunduð mest af greinunum. Þó dregur úr slíkri iðkun hjá báðum kynjum á milli ára. Hjá strákum á höfuðborgarsvæðinu úr 3,1% árið 2000 í 2,3% árið 2007. Stelpur eru líklegri en strákar til að stunda skauta og skíðaíþróttin er álíka mikið stunduð af báðum kynjum en þó ívið meira af strákum. Það dregur þó úr ástundun á milli ára, óháð búsetu. Almennt er notkun snjóþretta og skíða örlítið meiri hjá framhaldsskólanemum búsettum utan höfuðborgarsvæðis en þeirra sem búa á höfuðborgarsvæðinu en iðkun skauta kemur svipuð út milli framhaldsskólanema á höfuðborgarsvæðinu og utan þess.




Mynd 54. Hlutfall stelpna í framhaldsskólum árin 2000, 2004, og 2007 sem stunda mótorsport, box, eða klettaklifur eða inniklifur, vikulega eða oftar.




Mynd 55. Hlutfall stráka í framhaldsskólum árin 2000, 2004, og 2007 sem stunda mótorsport, box, eða klettaklifur eða inniklifur, vikulega eða oftar.

Á myndum 54 og 55 má skoða samanburð á hlutfalli stelpna og stráka í framhaldsskólum árin 2000, 2004 og 2007 sem stunda ofangreindar íþróttagreinar, vikulega eða oftár. Eins og sjá má eru stelpur hlutfallslega mun færri en strákar í ástundun allra þessara greina. Þó hefur ástundun box aukist töluvert meðal þeirra og mælist nú 2,5% meðal stelpna sem búsettar eru utan höfuðborgarsvæðisins árið 2007. Þá segist um 1% stelpna stunda mótorsport árið 2007. Meðal stráka er hlutfall þeirra sem stunda mótorsport stöðugra, en tæp 9% þeirra sem búsettir eru utan höfuðborgarsvæðisins árið 2007 gera svo vikulega eða oftár og um 5% þeirra sem búa innan þess svæðis. Þá segjast um 4% stráka stunda box vikulega eða oftár, og tæp 3% stunda klettklifur eða inniklifur.




Mynd 56. Hlutfall stelpna í framhaldsskólum árin 2000, 2004, og 2007 sem stunda hestamennsku, skák eða golf, vikulega eða oftár.




Mynd 57. Hlutfall stráka í framhaldsskólum árin 2000, 2004, og 2007 sem stunda hestamennsku, skák eða golf, vikulega eða oftár.

Á myndum 56 og 57 má skoða samanburð á hlutfalli stelpna og stráka í framhaldsskólum árin 2000, 2004 og 2007 sem stunda ofangreindar íþróttagreinar vikulega eða oftar. Fram kemur að ástundun hestamennsku er nokkuð stöðug milli ára, en um og yfir 5% stelpna sem búsettar eru á höfuðborgarsvæðinu og í kringum 7% þeirra sem búsettar eru utan þess gera svo, hvort sem lítið er til ársins 2000, 2004 eða 2007. Fáar stelpur stunda skák eða golf og hefur það lítið breyst yfir tímabilið. Meðal stráka er ástundun hestamennsku einnig fremur stöðug en um 2% þeirra sem búa á höfuðborgarsvæðinu gera svo árið 2007 og um 4% stráka sem búa utan höfuðborgarsvæðisins. Rúmlega 3% stráka stunduðu skák árin 2000 og 2004 en þetta hlutfall mælist nú rúm 2% árið 2007, bæði meðal þeirra sem búsettir eru á höfuðborgarsvæðinu og meðal þeirra sem búa utan þess. Hins vegar segjast um og yfir 7% stráka stunda golf og hefur það hlutfall haldist nokkurn vegin frá árinu 2000. Heldur fleiri strákar utan höfuðborgarsvæðisins en innan þess leggja stund á golfiþróttina.



Mynd 58. Hlutfall stelpna í framhaldsskólum árin 2000, 2004, og 2007 sem stunda líkamsrækt á líkamsræktarstöð.



Mynd 59. Hlutfall stráka í framhaldsskólum árin 2000, 2004, og 2007 sem stunda líkamsrækt á líkamsræktarstöð.

Á myndum 58 og 59 má sjá samanburð á hlutfalli framhaldsskólanema milli áráanna 2000, 2004 og 2007 sem stunda líkamsrækt á líkamsræktarstöðvum. Strákar virðast almennt fara oftar en stelpur í þar til gerða líkamsrækt þegar ástundunin er 4 sinnum í viku eða oftar og eru litlar breytingar á milli ára yfir umrætt tímabil. Hins vegar er hlutfall stelpna hærra þegar kemur að því að fara í líkamsrækt 1-3 í viku og einnig hafa fremur litlar breytingar orðið á milli ára meðal þeirra. Svipað hlutfall stráka og stelpna kemur fram þegar skoðaður er fjöldi þeirra sem fara nánast aldrei eða sjaldnar en einu sinni í viku í líkamsrækt. Þetta hlutfall hefur þó lækkað meðal beggja kynja á milli ára. Hlutfall stráka á höfuðborgarsvæðinu sem sögðust nær aldrei fara í líkamsrækt á líkamsræktarstöð eða sjaldnar en einu sinni í viku var 65,2% árið 2004 en 59,1% árið 2007. Hjá stelpum var samskonar hlutfall 65,1% árið 2004 en 62,2% árið 2007. Svipuð þróun kemur fram meðal ungmenna sem búsett eru utan höfuðborgarsvæðisins.

Samantekt úr myndum í fimmta hluta

Samantekt úr myndum 40 til 59 ber með sér að flestir framhaldsskólanemar hreyfa sig reglulega. Strákar eru líklegri en stelpur til að stunda íþróttir eða líkamsrækt 4 sinnum í viku eða oftar, en stelpur eru hins vegar líklegri til að gera svo 1-3 sinnum í viku. Strákar eru einnig líklegri til að stunda íþróttir með íþróttafélagi en um fjórðungur þeirra gerir svo fjórum sinnum í viku eða oftar árið 2007 samanborið við um 16% stelpna. Þá kemur fram að heildarfjöldi stráka og stelpna sem æfa íþróttir með íþróttafélagi hefur aukist yfir tímabilið frá 2000 til 2007. Tímaskortur er algengasta skýringin sem framhaldsskólanemar nefna sem ástæðu þess að þau hættu að stunda íþróttir með íþróttafélagi, en fæstir nefna mikla samkeppni sem ástæðu. Töluverð aukning verður á líkamlegri hreyfingu framhaldsskólanema almennt og hefur hlutfall þeirra lækkað mjög yfir tíma sem segjast nær aldrei eða sjaldnar en vikulega reyna á sig þannig að mæðist verulega eða svitni. Þetta hlutfall er í dag undir 10% meðal stráka og rúm 14% meðal stelpna. Af tilteknum íþróttagreinum eru boltagreinarnar sem fyrr vinsælar og þar stendur fótboltinn upp úr. Að lokum kemur fram að stöðug aukning hefur orðið í ástundun líkamsræktar á

líkamsræktarstöðvum meðal stráka og stelpna í framhaldsskólum og segjast um og yfir 40% stelpna og stráka leggja stund á líkamsrækt í líkamsræktarstöð í hverri viku.

Einnig má benda á töflur 76-108 á bls. 158-174 þar sem fleiri upplýsingar um íþróttir og hreyfingu er að finna.

Félagsstarf, tómstundaiðkun og vinna með námi

Rannsóknir á unglingum bera gjarnan með sér að sjálfsmynd þeirra sé að miklu leyti mótuð í gegnum þátttöku í frístundum og tómstundastarfi þeirra, sem oft liggja utan við umhverfi fjölskyldu og skóla³⁰. Kenningar og rannsóknir um lífsstíl unglinga, sem miðast oft við að skýra hvað þeir geri í frístundum og með hverjum þeir verja tíma sínum, hafa sýnt fram á að það skiptir miklu máli í velferð barna og ungmenna hvers eðlis tómstundir þeirra eru.³¹ Einnig hefur verið bent á að unglingar þrói snemma á lífsleiðinni með sér ákveðið skyn sem hefur áhrif á þann lífsstíl sem þeir velja. Þá hefur gerð félags-, og tómstundastarfs verið rannsökuð og sýna niðurstöður að slík starfsemi sem er skipulögð og í umsjá ábyrgra aðila er líklegri til að hafa uppbyggjandi áhrif í lífi þeirra en starf sem ekki er skipulagt og í umsjá ábyrgra aðila³², og að skipulagt tómstundastarf dregur úr líkum á að unglingar tileinki sér lífsstíl sem einkennist af áhættuhegðun svo sem notkun vímuefna.³³ Tómstundir og lífsstíll unglinga mótast sömuleiðis af áhugamálum þeirra en einnig af tiskustraumum sem oft eiga sér alþjóðlegar rætur.³⁴

Á myndum 60 til 77 getur að líta skoðun yfir tíma á hlutfalli framhaldsskólanema sem sækja bíó, kaffihús og í partí. Einnig athugun á fjölda þeirra sem fara í leikhús, á söfn, og á klassíska tónleika. Þá ber að líta hlutfall stráka og stelpna sem leggja stund á myndlistarnám, hannyrðir, og leiklist. Svo má sjá athugun á þátttöku í tónlistarstarfi, á skátastarfi, ungliðastarfi björgunarsveita og ungmennastarfi Rauða kross Íslands, á þátttöku í félagslífi skóla, og á lestri bóka og blaða. Að lokum má sjá myndir sem sýna vinnutíma framhaldsskólanema með námi.


³⁰ Þórólfur Þórlindsson o.fl. 1998; Þórólfur Þórlindsson og Jón Gunnar Bernburg 2006.

³¹ Osgood o.fl. 1996; Peretti-Watel og Lorente 2004.


³² Álfgeir Logi Kristjánsson o.fl. 2005; Álfgeir Logi Kristjánsson o.fl. 2006.

³³ Piko og Fitzpatrick 2004.

³⁴ Þóroddur Bjarnason og Þórólfur Þórlindsson 1993; Þórólfur Þórlindsson o.fl. 1998.




Mynd 60. Hlutfall stelpna í framhaldsskólum árin 2000, 2004, og 2007 sem fara í bíó, á kaffihús, og í partí, vikulega eða oftár.




Mynd 61. Hlutfall stráka í framhaldsskólum árin 2000, 2004, og 2007 sem fara í bíó, á kaffihús, og í partí, vikulega eða oftár.

Á myndum 60 og 61 gefur að líta samanburð milli ára 2000, 2004 og 2007 á hlutfalli framhaldsskólanema sem stunda tiltekið óskipulagt frístundastarf. Hér að ofan má sjá hlutföll þeirra sem sækja bíó, kaffihús og partí vikulega eða oftár. Myndirnar sýna samanburð milli ára, milli kynja og eftir búsetu. Eins og sjá má þá eru kaffihús og partí vinsælust af því sem um ræðir meðal stelpna og er það óháð búsetu. Hins vegar hefur dregið úr bíóferðum. Árið 2000 sögðust 8,8% stelpna á höfuðborgarsvæðinu fara vikulega eða oftár í bíó en 7,0% árið 2007. Hjá strákum eru bíóferðir algengari en kaffihúsaferðir og er það jafnframt óháð búsetu. Utan höfuðborgarsvæðisins hefur aðsókn í partí aukist meðal stelpna og stráka eða úr 13,3% árið 2000 og í 18,6% árið 2007 meðal stelpna. Hjá strákum fer aðsóknin úr 18,4% árið 2000 í 20,1% árið 2007.




Mynd 62. Hlutfall stelpna í framhaldsskólum árin 2000, 2004, og 2007 sem fara í leikhús, á söfn, eða á klassíska tónleika, mánaðarlega eða oftar.




Mynd 63. Hlutfall stráka í framhaldsskólum árin 2000, 2004, og 2007 sem fara í leikhús, á söfn, eða á klassíska tónleika, mánaðarlega eða oftar.

Á myndum 62 og 63 gefur að líta samanburð milli ára 2000, 2004 og 2007 á hlutfalli framhaldsskólanema sem stunda það að fara í leikhús, á söfn, eða á klassíska tónleika, einu sinni í mánuði eða oftar. Eins og sjá má virðist hafa dregið úr slíkri ástundun sem því nemur meðal beggja kynja, óháð búsetu, frá árinu 2000. Árið 2007 segjast tæplega 3% stelpna fara í leikhús mánaðarlega eða oftar, en þetta hlutfall var tæp 5% á höfuðborgarsvæðinu og um 4% utan þess, árið 2000. Þá sögðust rúm 5% stelpna á höfuðborgarsvæðinu fara reglulega á söfn árið 2000 en samsvarandi hlutfall árið 2007 er 2,6%. Að sama skapi sögðust um og yfir 4% stráka fara í leikhús í það minnsta einu sinni í mánuði árið 2000 en þetta hlutfall er rúm 2% árið 2007. Megin breytingin virðist hafa átt sér stað milli ára 2000 og 2004 en frá þeim tíma hafa þessi hlutföll nokkurn vegin staðið í stað.




Mynd 64. Hlutfall stelpna í framhaldsskólum árin 2000, 2004, og 2007 sem stunda myndlistarnám, hannyrðir, fatasaum, eða fatahönnun, og leiklist, vikulega eða oftár.




Mynd 65. Hlutfall stráka í framhaldsskólum árin 2000, 2004, og 2007 sem stunda myndlistarnám, hannyrðir, fatasaum, eða fatahönnun, og leiklist, vikulega eða oftár.

Á myndum 64 og 65 má skoða samanburð á hlutfalli stelpna og stráka í framhaldsskólum árin 2000, 2004 og 2007 sem stunda myndlistarnám, hannyrðir, fatasaum eða fatahönnun, og leiklist, vikulega eða oftár. Fram kemur að hlutfall stelpna og stráka sem stunda myndlistarnám og leiklist stendur nokkurn vegin í stað yfir tímabilið, óháð búsetu. Heldur hefur dregið úr iðkun hannyrða, fatasaums og fatahönnunar meðal stelpna en árið 2000 sögðust rúm 7% þeirra leggja stund á slíkt en um 5% árið 2007. Um og yfir 1% stráka gera svo allt tímabilið og ívið fleiri árið 2007 en áður.




Mynd 66. Hlutfall stelpna í framhaldsskólum árin 2000, 2004, og 2007 sem stunda hljómsveit með nokkrum vinum/vinkonum, tónlistarnám, og lúðrasveit, skólahljómsveit eða tónlistarskólahljómsveit vikulega eða oftar.




Mynd 67. Hlutfall stráka í framhaldsskólum árin 2000, 2004, og 2007 sem stunda hljómsveit með nokkrum vinum/vinkonum, tónlistarnám, og lúðrasveit, skólahljómsveit eða tónlistarskólahljómsveit vikulega eða oftar.

Á myndum 66 og 67 gefur að líta samanburð meðal framhaldsskólanema árin 2000, 2004, og 2007 sem stunda tiltekna gerðir tónlistariðkunar. Fram kemur fjöldi þeirra sem stunda hljómsveit með vinum og/eða vinkonum, tónlistarnám, og þá sem stunda lúðrasveit, skólahljómsveit eða tónlistarskólahljómsveit, vikulega eða oftár. Myndirnar sýna samanburð milli kynja og eftir búsetu. Hjá stelpum á höfuðborgarsvæðinu hefur hlutfallsleg fjölgun orðið á þeim sem leggja stund á tónlistarnám, fer úr 10,6% árið 2000 og í 12,5% árið 2007. Hjá stelpum utan höfuðborgarsvæðisins stendur þetta hlutfall hins vegar nokkuð í stað yfir tímabilið, er um og yfir 11% í öllum tilvikum. Fáar stelpur spila hins vegar í hljómsveit og er það óháð búsetu. Enn fremur verða litlar breytingar á milli ára. Hjá strákuðum helst ástundun tónlistarnáms og það að spila með hljómsveit nokkuð í hendur og er þróunin svipuð á milli ára. Færri spila með lúðrasveit, skólahljómsveit, eða tónlistarskólahljómsveit og er það óháð búsetu. Einnig verða litlar breytingar á þessu hlutfalli á milli ára.




Mynd 68. Hlutfall stelpna í framhaldsskólum árin 2000, 2004, og 2007 sem stunda skátastarf, ungliðastarf björgunarsveita og ungmennastarf RKÍ, vikulega eða oftar.




Mynd 69. Hlutfall stráka í framhaldsskólum árin 2000, 2004, og 2007 sem stunda skátastarf, ungliðastarf björgunarsveita og ungmennastarf RKÍ, vikulega eða oftar.

Á myndum 68 og 69 gefur að líta samanburð meðal framhaldsskólanema árin 2000, 2004, 2007 sem stunda skátastarf, ungliðastarf björgunarsveita og ungmennastarf Rauða kross Íslands, vikulega eða oftár. Myndirnar sýna samanburð milli ára, milli kynja og eftir búsetu. Strákar utan höfuðborgarsvæðisins sækja frekar en þeir sem búsettir eru á höfuðborgarsvæðinu í ungliðastarf björgunarsveita og skátastarf. Hins vegar eru færri sem sækja ungmennastarf RKÍ og á það við um bæði kynin, óháð búsetu. Stelpur utan höfuðborgarsvæðisins sækja frekar en þær sem búa á höfuðborgarsvæðinu í ungliðastarf björgunarsveita var þetta hlutfall 2,9% árið 2004 á móti 1,1% á höfuðborgarsvæðinu. Hjá báðum kynjum virðist fremur draga úr aðsókn milli ára í ofangreint frítímastarf, eins og það er mælt og sett fram hér.




Mynd 70. Hlutfall stelpna í framhaldsskólum árin 2000, 2004, og 2007 eftir því hve mikinn þátt þær segjast taka í félagslífi skóla síns.




Mynd 71. Hlutfall stráka í framhaldsskólum árin 2000, 2004, og 2007 eftir því hve mikinn þátt þeir segjast taka í félagslífi skóla síns.

Á myndum 70 og 71 gefur að líta samanburð meðal framhaldsskólanema árin 2000, 2004, og 2007 eftir því hve mikinn þátt þau segjast taka í félagslífi skólans síns. Myndirnar sýna einnig samanburð milli kynja og eftir búsetu. Meðal beggja kynja, og óháð búsetu, virðist fremur draga úr hlutfallslegum fjölda þeirra yfir tíma sem taka mjög mikinn eða mikinn þátt í félagslífi skólans. Meðal stráka utan höfuðborgarsvæðisins varð þó aukning milli árunna 2004 og 2007 en hlutfallið fór úr 32,6% í 38,3%. Fleiri strákar en stelpur á höfuðborgarsvæðinu taka nær engan eða lítinn þátt í félagslífi skólans síns. Á hinn bóginn taka heldur fleiri stelpur á höfuðborgarsvæðinu í meðallagi oft þátt í félagslífinu en strákar. Þannig sögðust árið 2007 38% stelpna á höfuðborgarsvæðinu taka svo oft þátt í félagslífi skólans síns, en 35,5% stráka. Einnig kemur fram að árið 2007 taka fleiri stelpur og strákar sem búsett eru utan höfuðborgarsvæðisins mikinn eða mjög mikinn þátt í félagslífi skólans síns en meðal beggja kynja innan höfuðborgarsvæðisins.




Mynd 72. Hlutfall stelpna í framhaldsskólum árin 2000, 2004, og 2007 eftir því hve margar klukkustundir þær segjast nota í viku hverri til að lesa bækur, aðrar en skólabækur.




Mynd 73. Hlutfall stráka í framhaldsskólum árin 2000, 2004, og 2007 eftir því hve margar klukkustundir þeir segjast nota á viku hverri til að lesa bækur, aðrar en skólabækur.

Á myndum 72 og 73 gefur að líta hlutfallslegan fjölda framhaldsskólanema árin 2000, 2004, og 2007 eftir því hve margar klukkustundir þeir segjast nota á viku hverri til að lesa bækur, aðrar en skólabækur. Á myndunum má sjá að lestur bóka hefur aukist nokkuð og á það bæði við þá sem lesa í ½-3 klst á viku og í 4 klst eða meira í viku hverri. Af þessu leiðir að þeim einstaklingum hefur fækkað hlutfallslega sem segjast ekki nota neinn tíma í bóklestur utan skólabóka í viku hverri og er þessi þróun óháð búsetu og kyni. Árið 2004 voru 36,5% stráka á höfuðborgarsvæðinu sem sögðust engum tíma eyða í bóklestur utan skólabóka en 30,6% árið 2007. Samskonar hlutföll meðal stráka utan höfuðborgarsvæðisins voru tæplega 45% árið 2004 en um 38% árið 2007. Hjá stelpum má greina samskonar þróun án tilliti til búsetu. Hlutfall þeirra sem segjast engum tíma eyða í bóklestur utan skólabóka lækkaði umtalsvert milli árunna 2004 og 2007.

Ungt fólk 2007 - Framhaldsskólanemar




Mynd 74. Hlutfall stelpna í framhaldsskólum árin 2000, 2004, og 2007 eftir því hve margar klukkustundir þær segjast nota í viku hverri til að lesa dagblöð.




Mynd 75. Hlutfall stráka í framhaldsskólum árin 2000, 2004, og 2007 eftir því hve margar klukkustundir þeir segjast nota í viku hverri til að lesa dagblöð.

Hér má sjá, á myndum 74 og 75, hlutfall framhaldsskólanema árin 2000, 2004 og 2007 eftir því hve margar klukkustundir þeir segjast nota í viku hverri til að lesa dagblöð. Sem fyrr má skoða þróun milli ára og á milli kynja. Eins og myndirnar sýna þá virðist lestur stráka og stelpna standa að mestu í stað og er það óháð búsetu og kyni. Lestur dagblaða breytist því lítið í heildina. Nefna má að örlítill fjölgun verður meðal þeirra sem segjast nota ½-3 klst í lestur dagblaða í viku hverri en að sama skapi fækkar þeim sem segjast eyða 4 klukkustundum eða meira á viku í lestur dagblaða.



Mynd 76. Hlutfall stelpna í framhaldsskólum árin 2000, 2004, og 2007 eftir því hve mikið þær segjast vinna með námi sínu á viku.



Mynd 77. Hlutfall stráka í framhaldsskólum árin 2000, 2004, og 2007 eftir því hve mikið þeir segjast vinna með námi sínu á viku.

Á myndum 76 og 77 má sjá samanburð milli ára 2000, 2004, og 2007 milli stráka og stelpna á höfuðborgarsvæðinu og utan þess eftir því hve mikið þau segjast vinna með námi á viku. Stelpur virðast vinna meira með náminu en strákar og sömu tilhneigingar gætir hvort sem litið er til höfuðborgarsvæðisins eða utan þess. Á það jafnframt við í báðum flokkum, þ.e. 1-14 klst eða 15 klst eða meira. Hærra hlutfall stráka en stelpna vinnur ekki með náminu og er það óháð búsetu. Þannig stunda um 70% stelpna á höfuðborgarsvæðinu árið 2007 einhverja vinnu með námi en um 65% stelpna sem búsettar eru utan höfuðborgarsvæðisins. Athygli vekur að um 22% stelpna á höfuðborgarsvæðinu og um 24% utan þess vinna meira en 15 stundir á viku með námi. Á hinn bóginn vinna tæp 57,0% stráka á höfuðborgarsvæðinu eitthvað með námi sínu en tæplega 51% þeirra sem búsettir eru utan þess. Álíka margir strákar og stelpur á höfuðborgarsvæðinu vinna í 15 stundir eða meira á viku en um 20% stráka utan höfuðborgarsvæðisins vinna svo mikið með námi.

Samantekt úr myndum í sjötta hluta

Samantekt úr myndum 60 til 77 sýnir að færri framhaldsskólanemar fara í bíó árið 2007 en árið 2000. Hins vegar eru bíóferðir töluvert algengari meðal stráka en stelpna en 11,5% stráka á höfuðborgarsvæðinu sögðust fara í bíó vikulega eða oftár árið 2007 samanborið við 7% stelpna. Um fimmtungur framhaldsskólanema segjast fara í partí í hverri viku en stelpur eru mun líklegri en strákar til að fara reglulega á kaffihús. Þeim framhaldsskólanemum sem fara reglulega í leikhús, á söfn, og klassíska tónleika hefur fækkað nokkuð frá árinu 2000 en mesta fækkunin varð milli ára 2000 og 2004. Stelpur í framhaldsskólum eru líklegri en strákar til að leggja stund á myndlist, hannyrðir og leiklist en ástundun þessara tómsunda stendur nokkuð í stað yfir tímabilið frá 2000 til 2007. Ástundun tónlistarnáms hefur aukist meðal beggja kynja en strákar eru líklegri en stelpur til að spila í hljómsveit með nokkrum vinum sínum. Mjög fáar stelpur stunda skátastarf, ungliðastarf björgunarsveita eða ungmennastarf RKÍ en nokkur fjöldi stráka, eða tæp 5% sem búsettir eru utan höfuðborgarsvæðisins, taka þátt í ungliðastarfi björgunarsveita. Þátttaka nemenda í félagslífi skóla síns hefur haldist nokkuð jöfn yfir tíma en milli 30% og 40% stráka og stelpna segjast taka mikinn eða mjög mikinn þátt í

félagsstarfi skóla síns, óháð búsetu. Þá kemur fram að lestur bóka, annarra en skólabóka, eykst yfir tíma, og segjast um 23% stelpna á höfuðborgarsvæðinu og um 18% stráka verja 4 klst eða meira í viku hverri í slíkan bóklestur. Þá hefur hlutfall þeirra sem segjast engum tíma verja til bóklesturs, utan skólabóka, dregist töluvert saman frá árinu 2000 til 2007, meðal beggja kynja. Hins vegar stendur lestur dagblaða að mestu í stað meðal beggja kynja og óháð búsetu. Um og yfir 80% stelpna og stráka segjast verja frá ½ klst og upp að 3 klst á viku í lestur þeirra. Þá kemur fram að vinna með námi virðist vera að aukast. Færri vinna nú ekki með námi en áður og fleiri vinna 15 klst á viku eða lengur í viku hverri. Stelpur eru töluvert líklegri til að vinna með námi sínu en strákar.

Einnig má benda á töflur 109-139 á bls 175-189 þar sem fleiri upplýsingar um tómstundir og frístundaiðju framhaldsskólanema er að finna.

Heimildaskrá

Allegrante, J.P. (2004). Unfit to learn. *Education Week*, 24: 38-40.

Altermatt E.R. og Pomerantz, E.M. (2005). The implications of having high-achieving versus low-achieving friends: A longitudinal analysis. *Social Development*, 14, 61-81.

Álfgeir Logi Kristjánsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Allegrante, J.P. (2008b). Health Behavior and Academic Achievement Among Adolescents: The Relative Contribution of Dietary Habits, Physical Activity, Body Mass Index, and Self-Esteem. *Health Education and Behavior* (forútgáfa fyrir prentun, www.pubmed.gov).

Álfgeir Logi Kristjánsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Allegrante, J.P., Ásgeir R. Helgason (2008a). Social correlates of cigarette smoking among Icelandic adolescents: a population-based cross-sectional study. *BMC Public Health*, 8:86.

Álfgeir Logi Kristjánsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir og Jón Sigfússon (2006). *Ung Fólk 2006. Menntun, menning, tómstundir og íþróttaiðkun ungmenna á Íslandi*. Reykjavík: Rannsóknir & greining.

Álfgeir Logi Kristjánsson, Silja Björk Baldursdóttir, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Jón Sigfússon (2005). *Ungt fólk 2004. Menntun, menning, tómstundir, íþróttaiðkun og framtíðarsýn íslenskra ungmenna*. Reykjavík: Rannsóknir & greining.

Bachman, J.D., Johnston, L.D. og O'Malley, P.M. (1987). *Monitoring the future*. Ann Arbor: Institute for Social Research.

Bandura, A. (1977). *Social Learning Theory*. Prentice-Hall. Uppersaddle River, N.J.

Bowker A., Bukowski W.M., Hymel S. og Sippola L.K. (2000). Coping with daily hassles in the peer group during early adolescence: Variations as a function of peer experience. *Journal of Research in Adolescence*, 10, 211-243.

- Carter, D.S.G., Bennetts, C. og Carter, S.M. (2003). 'We're not sheep': Illuminating the nature of the adolescent peer group in effecting lifestyle choice. *British Journal of Sociology of Education*, 24, 225-241.
- Colarossi, L.G. (2001). Adolescent gender differences in social support: Structure, function, and provider type. *Social Work Research*, 25, 233-241.
- Coleman, J. (1988). Social Capital in the Creation of Human Capital. *American Journal of Sociology*, 94: 95-120.
- Crosnoe, R., Erickson, K.G. og Dornbusch, S.M. (2002). Protective functions of family relationships and school factors on the deviant behaviour of adolescent boys and girls: Reducing the impact of risky friendships. *Youth & Society*, 33, 515-544.
- De Vaus, D. (2002). *Surveys in Social Research* (5. útgáfa). London: Routledge.
- Finnbogi Gunnarsson, Jón Gunnar Bernburg og Þórólfur Þórlindsson. (1996). *Ungt fólk og skólastarf á Suðurlandi*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála.
- Gorman, T.J. (1998). Social class and parental attitudes toward education: Resistance and conformity to schooling in the family. *Journal of Contemporary Ethnography*, 27, 10-44.
- Hirchi, T. (1969). *Causes of Delinquency*. California: University of California Press.
- Inga Dóra Sigfúsdóttir, Álfgeir Logi Kristjánsson, Allegrante, J.P. (2007). Health Behavior and Academic Achievement in Icelandic School Children. *Health Education Research*, 22: 70-80.
- Jón Gunnar Bernburg og Rannveig Þórisdóttir (1997). *Staða skóla- og æskulýðsmála á Suðurnesjum*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála.

- Lahelma, E. (2002). School is for Meeting Friends: Secondary school as lived and remembered. *British Journal of Sociology of Education*, 23, 367-381.
- O'Byrne, K.K., Haddock, C.K., Poston, W.S.C. (2002). Parenting Style and Adolescent Smoking. *Journal of Adolescent Health*, 30: 418-425.
- Osgood, D.W., Wilson, J.K., O'Malley, P.M., Bachman, J.G. og Johnston, L.D. (1996). Routine activities and individual deviant behavior. *American Sociological Review*, 61, 635-655.
- Peretti-Watel, P. og Lorente, F.O. (2004). Cannabis use, sport practice and other leisure activities at the end of adolescence. *Drug and Alcohol Dependence*, 73, 251-257.
- Piko B.F. og Fitzpatrick K.M. (2004). Substance use, religiosity, and other protective factors among Hungarian adolescents. *Addictive Behaviors*, 29, 1095-1107
- Roeser, R.W., Midgley, C. og Urdan, T.C. (1996). Perceptions of the school psychological environment and early adolescents' psychological and behavioral functioning in school: The mediating role of goals and belonging. *Journal of Educational Psychology*, 88, 408-422.
- Rúnar Vilhjálmsson og Þórólfur Þórlindsson (1992). The integrative and physiological effects of sports participation: A study of adolescence. *The Sociological Quarterly*, 33, 637-647.
- Sheldon, S.B., Epstein, J.L. (2005). Involvement Counts: Family and Community Partnerships and Mathematics Achievement. *The Journal of Educational Research*, 98: 196-206.
- Sigríður Þóra Eiðsdóttir, Álfgeir Logi Kristjánsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Allegrante, J.P. (2008). Trends in physical activity and participation in sports clubs among

Icelandic adolescents. *European Journal of Public Health* (forútgáfa fyrir prentun, www.pubmed.gov).

Smerdon, B.A. (2002). Students' perception of membership in their high schools. *Sociology of Education*, 75, 287-305.

Sutherland, E.H. (1978). *Criminology* (10. útgáfa). New York: Lippincott.

Warr, M. (1993). Age, peers and delinquency. *Criminology*, 31: 17-40.

Zettergren, P. (2003). School adjustment in adolescence for previously rejected, average and popular children. *British Journal of Educational Psychology*, 73, 207-221.

Þóroddur Bjarnason, Þórólfur Þórlindsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Welch, M.R. (2005). Familial and Religious Influences on Adolescent Alcohol Use: A Multi-Level Study of Students and School Communities. *Social Forces*, 84: 375-390.

Þóroddur Bjarnason og Þórólfur Þórlindsson (1993). *Tómstundir íslenskra unglunga vorið 1992*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála.

Þórólfur Þórlindsson, Jón Gunnar Bernburg. (2006). Peer groups and substance use: Examining the direct and interactive effect of leisure activity. *Adolescence*, 41: 321-339.

Þórólfur Þórlindsson, Inga Dóra Sigfúsdóttir, Jón Gunnar Bernburg og Viðar Halldórsson (1998). *Vímuefnaneysla ungs fólks: Umhverfi og aðstæður*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála.

Þórólfur Þórlindsson, Þorlákur Karlsson og Inga Dóra Sigfúsdóttir (1994). *Um gildi íþróttar fyrir íslensk ungmenni*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun uppeldis- og menntamála.

Töflur

Bakgrunnsþættir

Tafla 1. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu og utan höfuðborgarsvæðisins árin 2000, 2004 og 2007.

	2000			2004			2007		
	Höfuðb.sv	Landsb.	Allir	Höfuðb.sv.	Landsb.	Allir	Höfuðb.sv.	Landsb.	Allir
Strákar	46,0%	47,6%	46,6%	47,7%	49,8%	48,4%	46,6%	51,4%	48,2%
Stelpur	54,0%	52,4%	53,4%	52,3%	50,2%	51,6%	53,4%	48,6%	51,8%

Tafla 2. Hver er menntun móður þinnar? Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árið 2007.

Svarmöguleikar:	Strákar		Stelpur		Heild	
Veit ekki eða á ekki við		8,6%		4,6%		6,6%
Lauk grunnskólaprófi eða minna		13,2%		15,7%		14,5%
Hóf framhaldsskóla, menntask., fjölbraut eða iðnskóla		15,7%		19,2%		17,5%
Lauk framhaldsskóla, menntask., fjölbraut eða iðnskóla		23,6%		22,4%		23,0%
Hóf háskólanám		4,1%		4,1%		4,1%
Lauk háskólaprófi		34,7%		34,1%		34,4%

Tafla 3. Hver er menntun föður þíns? Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árið 2007.

Svarmöguleikar:	Strákur	Stelpa	Heild
Veit ekki eða á ekki við	8,4%	6,8%	7,6%
Lauk grunnskólaprófi eða minna	10,3%	12,0%	11,2%
Hóf framhaldsskóla, menntask., fjölbraut, eða iðnskóla	8,7%	10,2%	9,5%
Lauk framhaldsskóla, menntask., fjölbraut eða iðnskóla	34,9%	35,9%	35,4%
Hóf háskólanám	3,2%	3,0%	3,1%
Lauk háskólaprófi	34,6%	32,0%	33,2%

Tafla 4. Hverjir eftirtalinnna búa heima hjá þér? Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árið 2007.

Svarmöguleikar:	Strákar	Stelpur	Heild
Báðir foreldrar	68,5%	64,0%	66,2%
Móðir en ekki faðir	11,0%	10,1%	10,5%
Faðir ekki móðir	2,5%	1,6%	2,0%
Móðir og sambýlismaður	7,3%	9,6%	8,5%
Faðir og sambýliskona	1,7%	1,2%	1,4%
Bý á eigin vegum	3,5%	5,9%	4,8%
Bý með vini/vinkonu	2,1%	2,8%	2,5%
Annað fyrirkomulag	3,4%	4,8%	4,1%

Tafla 5. Hvermig býrð þú núna? Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árið 2007.

Svarmöguleikar:	Strákar	Stelpur	Heild
Hjá foreldrum	81,60%	77,00%	79,20%
Hjá ættingjum	2,30%	2,00%	2,20%
Á heimavist	5,80%	5,30%	5,50%
Í leiguhúsnæði	4,20%	5,30%	4,80%
Í eigin húsnæði	2,10%	3,40%	2,80%
Í sambúð	1,90%	4,60%	3,30%
Við annað fyrirkomulag	2,00%	2,40%	2,20%

Tafla 6. Hversu vel fjárhagslega stæð telurðu að fjölskylda þín sé miðað við aðrar fjölskyldur á Íslandi? Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2004 og 2007.

Svarmöguleikar:	2004			2007		
	Strákar	Stelpur	Heild	Strákar	Stelpur	Heild
Miklu betur stæð	2,7%	1,6%	2,1%	4,0%	2,2%	3,1%
Töluvert betur stæð	14,5%	11,5%	13,0%	16,4%	13,4%	14,9%
Svöllitið betur stæð	26,7%	22,4%	24,4%	29,0%	25,7%	27,3%
Álíka vel stæð	44,3%	50,2%	47,3%	42,1%	49,3%	45,8%
Svöllitið verr stæð	9,3%	10,8%	10,1%	6,5%	7,5%	7,0%
Töluvert verr stæð	2,2%	3,0%	2,6%	1,6%	1,5%	1,5%
Miklu verr stæð	0,5%	0,5%	0,5%	0,3%	0,4%	0,4%

Tafla 7. Hvaða trúfélagi tilheyrir þú? Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árið 2007.

Svarmöguleikar:	2007	
	Strákar	Stelpur
Þjóðkirkjan	74,8%	80,6%
Kapólski söfnuðurinn	1,9%	2,2%
Múhameðstrúar	0,5%	0,3%
Rétttrúnaðarkirkjan/Ortodox	0,5%	0,4%
Frikirkjan	3,2%	5,4%
Öðrum söfnuði	2,2%	2,1%
Er utan trúfélaga	16,9%	8,9%
		Heild
		77,8%
		2,1%
		0,4%
		0,5%
		4,4%
		2,2%
		12,8%

Tafla 8. Átt þú börn? Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000, 2004 og 2007.

Svarmöguleikar:	2000			2004			2007		
	Strákar	Stelpur	Heild	Strákar	Stelpur	Heild	Strákar	Stelpur	Heild
Nei	98,2%	96,1%	97,1%	97,5%	93,5%	95,4%	96,8%	94,1%	95,4%
Já, eitt	1,3%	2,8%	2,1%	1,6%	3,0%	2,3%	2,1%	3,1%	2,6%
Já, tvö	0,5%	1,1%	0,8%	0,5%	1,8%	1,2%	0,4%	1,3%	0,9%
Já, þriju eða fleiri	0,0%	0,0%	0,0%	0,4%	1,7%	1,1%	0,7%	1,5%	1,1%

Tafla 9. Hefur þú börn á þínu framfæri? Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000, 2004 og 2007.

Svarmöguleikar:	2000			2004			2007		
	Strákar	Stelpur	Heild	Strákar	Stelpur	Heild	Strákar	Stelpur	Heild
Nei	97,4%	94,8%	96,0%	96,5%	92,1%	94,2%	94,8%	91,3%	93,0%
Já, eitt	1,8%	3,6%	2,7%	2,3%	4,0%	3,2%	3,0%	4,9%	4,0%
Já, tvö	0,8%	1,6%	1,3%	0,8%	2,4%	1,6%	1,1%	2,2%	1,6%
Já, þrjú eða fleiri	0,0%	0,0%	0,0%	0,4%	1,6%	1,0%	1,2%	1,6%	1,4%

Tafla 10. Er töluð íslenska á þínu heimili? Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000, 2004 og 2007.

Svarmöguleikar:	2000			2004			2007		
	Strákar	Stelpur	Heild	Strákar	Stelpur	Heild	Strákar	Stelpur	Heild
Já, eingöngu	94,3%	93,8%	94,0%	92,5%	92,6%	92,5%	92,5%	92,1%	92,3%
Já, ásamt öðru máli	5,2%	6,1%	5,7%	6,7%	6,6%	6,6%	6,5%	7,1%	6,8%
Nei, einungis annað mál	0,5%	0,2%	0,3%	0,8%	0,8%	0,8%	1,1%	0,9%	1,0%

Nám og skóli

Tafla 11. Hvernig gekk í síðustu vorþrófum sem þú þreyttir? Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árið 2007.

Svarmöguleikar	Strákar		Stelpur		Heild	
	Strákar	Stelpur	Strákar	Stelpur	Strákar	Stelpur
Mjög vel		23,2%		30,8%		27,1%
Fremur vel		53,2%		53,6%		53,4%
Fremur illa		19,4%		13,2%		16,2%
Mjög illa		4,2%		2,4%		3,3%

Tafla 12. Hvernig líkar þér í skólanum? Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000, 2004 og 2007.

Svarmöguleikar:	2000			2004			2007		
	Strákar	Stelpur	Heild	Strákar	Stelpur	Heild	Strákar	Stelpur	Heild
Mjög vel	36,6%	43,6%	40,4%	45,4%	48,7%	47,1%	49,7%	53,3%	51,6%
Fremur vel	49,3%	47,1%	48,1%	43,4%	42,7%	43,1%	41,8%	40,8%	41,3%
Fremur illa	11,5%	7,8%	9,5%	9,1%	6,8%	7,9%	6,8%	5,0%	5,9%
Mjög illa	2,6%	1,4%	2,0%	2,1%	1,9%	2,0%	1,6%	0,8%	1,2%

Tafla 13. Hvað finnst þér líklegt að þú gerir strax að loknu núverandi námi? - Fari í nám á háskólastigi á Íslandi. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2004 og 2007.

Svarmöguleikar:	2004			2007		
	Strákar	Stelpur	Heild	Strákar	Stelpur	Heild
Mjög líklegt	24,2%	28,1%	26,2%	29,0%	29,6%	29,3%
Fremur líklegt	34,1%	35,2%	34,7%	34,0%	36,5%	35,3%
Fremur ólíklegt	23,3%	23,1%	23,2%	22,1%	21,8%	21,9%
Mjög ólíklegt	18,4%	13,7%	15,9%	14,9%	12,1%	13,4%

Tafla 14. Hvað finnst þér líklegt að þú gerir strax að loknu núverandi námi? - Fari í nám á háskólastigi erlendis. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2004 og 2007.

Svarmöguleikar:	2004				2007				
	Strákar	Stelpur	Heild	Strákar	Stelpur	Heild	Strákar	Stelpur	Heild
Mjög líklegt	11,6%	18,9%	15,4%	14,5%	21,4%	18,1%	14,5%	21,4%	18,1%
Fremur líklegt	29,0%	32,6%	30,9%	30,0%	34,8%	32,5%	30,0%	34,8%	32,5%
Fremur ólíklegt	31,3%	29,1%	30,1%	32,6%	27,8%	30,1%	32,6%	27,8%	30,1%
Mjög ólíklegt	28,1%	19,4%	23,6%	22,8%	16,0%	19,3%	22,8%	16,0%	19,3%

Tafla 15. Hvað finnst þér líklegt að þú gerir strax að loknu núverandi námi? Fari í nám á Íslandi sem ekki er á háskólastigi. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2004 og 2007.

Svarmöguleikar:	2004				2007				
	Strákar	Stelpur	Heild	Strákar	Stelpur	Heild	Strákar	Stelpur	Heild
Mjög líklegt	6,3%	6,5%	6,4%	6,3%	5,6%	5,9%	6,3%	5,6%	5,9%
Fremur líklegt	23,0%	21,8%	22,4%	17,9%	18,8%	18,4%	17,9%	18,8%	18,4%
Fremur ólíklegt	34,9%	36,8%	35,9%	34,5%	35,6%	35,1%	34,5%	35,6%	35,1%
Mjög ólíklegt	35,8%	34,8%	35,3%	41,3%	40,0%	40,6%	41,3%	40,0%	40,6%

Tafla 16. Hvað finnst þér líklegt að þú gerir strax að loknu núverandi námi? Fari í nám erlendis sem ekki er á háskólastigi. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2004 og 2007.

Svarmöguleikar:	2004			2007		
	Strákar	Stelpur	Heild	Strákar	Stelpur	Heild
Mjög líklegt	3,7%	7,4%	5,6%	3,6%	7,2%	5,5%
Fremur líklegt	13,7%	20,2%	17,1%	11,9%	19,8%	16,0%
Fremur ólíklegt	31,5%	33,3%	32,4%	29,9%	31,8%	30,9%
Mjög ólíklegt	51,1%	39,2%	44,9%	54,5%	41,2%	47,6%

Tafla 17. Hvað finnst þér líklegt að þú gerir strax að loknu núverandi námi? Fari að vinna. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2004 og 2007.

Svarmöguleikar:	2004			2007		
	Strákar	Stelpur	Heild	Strákar	Stelpur	Heild
Mjög líklegt	25,4%	21,3%	23,3%	27,1%	22,4%	24,7%
Fremur líklegt	30,8%	29,4%	30,1%	30,0%	30,3%	30,2%
Fremur ólíklegt	25,9%	27,9%	26,9%	25,0%	26,6%	25,8%
Mjög ólíklegt	17,9%	21,5%	19,7%	17,8%	20,7%	19,3%

Tafla 18. Hvað finnst þér líklegt að þú gerir strax að loknu núverandi námi? Stundi nám á háskólastigi og vinnu samhliða. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2004 og 2007.

Svarmöguleikar:	2004				2007			
	Strákar	Stelpur	Heild	Heild	Strákar	Stelpur	Heild	Heild
Mjög líklegt	11,4%	18,2%	14,9%	12,7%	19,4%	16,2%	16,2%	
Fremur líklegt	35,6%	38,4%	37,1%	36,0%	38,5%	37,3%	37,3%	
Fremur ólíklegt	29,5%	26,6%	28,0%	28,3%	24,5%	26,3%	26,3%	
Mjög ólíklegt	23,5%	16,7%	20,0%	23,0%	17,6%	20,1%	20,1%	

Tafla 19. Hvað finnst þér líklegt að þú gerir strax að loknu núverandi námi? Stundi nám ekki á háskólastigi og vinnu samhliða. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2004 og 2007.

Svarmöguleikar:	2004				2007			
	Strákar	Stelpur	Heild	Heild	Strákar	Stelpur	Heild	Heild
Mjög líklegt	5,4%	6,4%	5,9%	5,3%	5,6%	5,5%	5,5%	
Fremur líklegt	17,7%	20,4%	19,1%	14,1%	16,2%	15,2%	15,2%	
Fremur ólíklegt	33,6%	34,4%	34,0%	29,7%	30,7%	30,2%	30,2%	
Mjög ólíklegt	43,3%	38,8%	41,0%	50,9%	47,5%	49,2%	49,2%	

Tafla 20. Hversu mikilvægt finnst þér skólanámið vera? Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000, 2004 og 2007.

Svarmöguleikar:	2000			2004			2007		
	Strákar	Stelpur	Heild	Strákar	Stelpur	Heild	Strákar	Stelpur	Heild
Mjög mikilvægt	69,2%	82,9%	76,6%	61,8%	80,6%	71,5%	60,7%	78,5%	69,9%
Fremur mikilvægt	27,0%	15,8%	21,0%	33,0%	18,0%	25,3%	34,1%	19,9%	26,7%
Ekki sérlega mikilvægt	3,3%	1,2%	2,1%	4,7%	1,3%	3,0%	4,7%	1,5%	3,0%
Alls ekki mikilvægt	0,5%	0,1%	0,3%	0,5%	0,1%	0,3%	0,6%	0,1%	0,4%

Tafla 21. Mér finnst að draga ætti úr prófum í annarlök og auka símat. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árið 2007.

Svarmöguleikar:	Strákar		Stelpur		Heild	
	Strákar	Stelpur	Strákar	Stelpur	Strákar	Stelpur
Mjög sammála		34,2%		44,7%		39,6%
Frekar sammála		35,1%		35,6%		35,4%
Frekar ósammála		22,9%		16,3%		19,5%
Mjög ósammála		7,8%		3,4%		5,5%

Tafla 22. Mér finnst að taka ætti upp samræmd próf í framhaldsskólum. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árið 2007.

Svarmöguleikar:	Strákar		Stelpur		Heild	
	Strákar	Stelpur	Strákar	Stelpur	Strákar	Stelpur
Mjög sammála		1,9%		1,3%		1,6%
Frekar sammála		3,9%		2,4%		3,1%
Frekar ósammála		19,7%		13,1%		16,3%
Mjög ósammála		74,5%		83,1%		79,0%

Tafla 23. Mér finnst kennsluhættir í skólanum vera fjölbreyttir. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árið 2007.

Svarmöguleikar:	Strákar	Stelpur	Heild
Mjög sammála	12,7%	12,3%	12,5%
Frekar sammála	57,4%	55,3%	56,3%
Frekar ósammála	25,7%	29,0%	27,4%
Mjög ósammála	4,2%	3,4%	3,8%

Tafla 24. Mér finnst að gerðar séu miklar kröfur til mín í náminu. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árið 2007.

Svarmöguleikar:	Strákar	Stelpur	Heild
Mjög sammála	23,0%	31,5%	27,4%
Frekar sammála	57,1%	55,7%	56,4%
Frekar ósammála	17,5%	11,7%	14,5%
Mjög ósammála	2,5%	1,2%	1,8%

Tafla 25. Mér finnst auðvelt að fá ráðgjöf frá kennurum. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árið 2007.

Svarmöguleikar:	Strákar	Stelpur	Heild
Mjög sammála	19,8%	18,2%	19,0%
Frekar sammála	55,5%	52,0%	53,7%
Frekar ósammála	20,2%	25,2%	22,8%
Mjög ósammála	4,5%	4,6%	4,5%

Tafla 26. Ég hefði viljað taka einn eða fleiri framhaldsskólaáfanga á meðan ég var í grunnskóla. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árið 2007.

Svarmöguleikar:	Strákar	Stelpur	Heild
Mjög sammála	26,1%	28,4%	27,3%
Frekar sammála	32,9%	31,5%	32,2%
Frekar ósammála	27,8%	27,1%	27,5%
Mjög ósammála	13,1%	12,9%	13,0%

Tafla 27. Mér finnst auðvelt að fá aðstoð við úrlausn minna mála hjá starfsfólki öðrum en kennurum. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árið 2007.

Svarmöguleikar:	Strákar	Stelpur	Heild
Mjög sammála	11,6%	11,2%	11,4%
Frekar sammála	46,1%	43,2%	44,6%
Frekar ósammála	32,3%	35,0%	33,7%
Mjög ósammála	10,0%	10,6%	10,3%

Tafla 28. Mér finnst auðvelt að fá aðstoð frá kennurum utan kennslustunda. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árið 2007.

Svarmöguleikar:	Strákar	Stelpur	Heild
Mjög sammála	11,3%	10,4%	10,8%
Frekar sammála	43,8%	39,8%	41,7%
Frekar ósammála	34,3%	36,8%	35,6%
Mjög ósammála	10,7%	13,0%	11,9%

Tafla 29. Ég hef greiðan aðgang að námsráðgjöf í skólanum. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árið 2007.

Svarmöguleikar:	Strákar	Stelpur	Heild
Mjög sammála	41,4%	50,0%	45,9%
Frekar sammála	46,7%	39,9%	43,2%
Frekar ósammála	9,4%	8,5%	8,9%
Mjög ósammála	2,5%	1,6%	2,0%

Tafla 30. Framhaldsskólanámið er auðveldara en ég átti von á. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árið 2007.

Svarmöguleikar:	Strákar	Stelpur	Heild
Mjög sammála	14,8%	12,6%	13,7%
Frekar sammála	40,8%	37,0%	38,8%
Frekar ósammála	36,6%	39,2%	38,0%
Mjög ósammála	7,8%	11,1%	9,5%

Tafla 31. Ég er hlynnt/hlyntur sveigjanlegum námstíma. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árið 2007.

Svarmöguleikar:	Strákar	Stelpur	Heild
Mjög sammála	32,8%	31,1%	31,9%
Frekar sammála	47,4%	47,8%	47,6%
Frekar ósammála	15,6%	17,7%	16,7%
Mjög ósammála	4,1%	3,5%	3,8%

Tafla 32. Ég hefði viljað fara beint í framhaldsskóla að loknum 9. bekk grunnskóla. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árið 2007.

Svarmöguleikar:	Strákar	Stelpur	Heild
Mjög sammála	14,1%	11,8%	12,9%
Frekar sammála	13,5%	10,3%	11,8%
Frekar ósammála	30,7%	27,9%	29,2%
Mjög ósammála	41,8%	50,1%	46,1%

Tafla 33. Stundaðir þú nám í einhverjum námsföngum framhaldsskóla á meðan þú varst enn í grunnskóla? Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árið 2007.

Svarmöguleikar:	Strákar	Stelpur	Heild
Nei	67,6%	66,4%	67,0%
Já	32,4%	33,6%	33,0%

Tafla 34. Ég nota fartölvu við nám mitt í skólanum? Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árið 2007.

Svarmöguleikar	Strákar	Stelpur	Heild
Á nær alltaf við mig	17,5%	16,4%	17,0%
Á oft við um mig	11,9%	16,6%	14,3%
Á stundum við um mig	16,8%	23,6%	20,3%
Á nær aldrei við um mig	14,3%	15,0%	14,7%
Á aldrei við um mig	39,4%	28,4%	33,7%

Tafla 35. Ég er stolt(ur) af skólanum mínum. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árið 2007.

Svarmöguleikar	Strákar	Stelpur	Heild
Á nær alltaf við mig	34,9%	41,1%	38,1%
Á oft við um mig	28,9%	29,9%	29,4%
Á stundum við um mig	24,9%	21,3%	23,1%
Á nær aldrei við um mig	7,7%	6,0%	6,8%
Á aldrei við um mig	3,6%	1,7%	2,6%

Tafla 36. Mér líður vel í skólanum. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árið 2007.

Svarmöguleikar	Strákar	Stelpur	Heild
Á nær alltaf við mig	44,6%	50,7%	47,8%
Á oft við um mig	38,3%	34,0%	36,1%
Á stundum við um mig	13,4%	12,5%	12,9%
Á nær aldrei við um mig	2,6%	2,1%	2,3%
Á aldrei við um mig	1,1%	0,6%	0,9%

Tafla 37. Þegar á heildina er lítið hversu mikil eða lítil telurðu gæði kennslunnar vera við þinn skóla? Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árið 2007.

Svarmöguleikar	Strákar	Stelpur	Heild
Mjög mikil	20,9%	19,9%	20,4%
Frekar mikil	50,2%	54,2%	52,2%
Hvorki né	24,8%	22,9%	23,8%
Frekar lítil	3,2%	2,6%	2,9%
Mjög lítil	0,9%	0,5%	0,7%

Tafla 38. Mér finnst námið tilgangslaust. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000, 2004 og 2007

Svarmöguleikar:	2000			2004			2007		
	Strákar	Stelpur	Heild	Strákar	Stelpur	Heild	Strákar	Stelpur	Heild
Á nær alltaf við um mig	1,1%	0,3%	0,7%	1,2%	0,6%	0,9%	1,5%	0,4%	0,9%
Á oft við um mig	4,6%	2,0%	3,2%	5,2%	2,3%	3,7%	5,1%	2,3%	3,6%
Á stundum við um mig	26,3%	19,6%	22,7%	25,7%	16,8%	21,1%	22,0%	15,6%	18,7%
Á sjaldan við um mig	37,8%	37,6%	37,7%	36,8%	35,8%	36,2%	33,6%	34,9%	34,3%
Á nær aldrei við um mig	30,2%	40,5%	35,7%	31,1%	44,5%	38,0%	37,9%	46,7%	42,4%

Tafla 39. Mér leiðist námið. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000, 2004 og 2007.

Svarmöguleikar:	2000			2004			2007		
	Strákar	Stelpur	Heild	Strákar	Stelpur	Heild	Strákar	Stelpur	Heild
Á nær alltaf við um mig	5,8%	2,2%	3,9%	5,6%	3,0%	4,3%	5,1%	2,1%	3,5%
Á oft við um mig	21,0%	12,9%	16,7%	24,2%	14,3%	19,1%	19,6%	11,8%	15,6%
Á stundum við um mig	46,3%	46,8%	46,6%	45,3%	44,2%	44,8%	44,5%	44,4%	44,5%
Á sjaldan við um mig	19,9%	27,4%	23,9%	18,6%	27,8%	23,4%	20,7%	29,2%	25,1%
Á nær aldrei við um mig	7,0%	10,6%	8,9%	6,3%	10,6%	8,5%	10,0%	12,5%	11,3%

Tafla 40. Mér finnst ég illa búin(n) undir kennslustundir. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000, 2004 og 2007.

Svarmöguleikar:	2000			2004			2007		
	Strákar	Stelpur	Heild	Strákar	Stelpur	Heild	Strákar	Stelpur	Heild
Á nær alltaf við um mig	5,4%	3,0%	4,1%	5,1%	2,7%	3,9%	4,7%	2,2%	3,4%
Á oft við um mig	22,5%	13,5%	17,7%	22,6%	14,8%	18,6%	20,6%	12,8%	16,5%
Á stundum við um mig	41,9%	42,7%	42,3%	43,4%	41,6%	42,5%	42,5%	41,4%	42,0%
Á sjaldan við um mig	24,1%	31,3%	28,0%	23,1%	30,9%	27,1%	24,7%	33,0%	29,0%
Á nær aldrei við um mig	6,1%	9,5%	7,9%	5,7%	10,0%	7,9%	7,6%	10,6%	9,1%

Tafla 41. Mér finnst ég ekki leggja nægjanlega rækt við námið. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000, 2004 og 2007.

Svarmöguleikar:	2000			2004			2007		
	Strákar	Stelpur	Heild	Strákar	Stelpur	Heild	Strákar	Stelpur	Heild
Á nær alltaf við um mig	11,2%	6,3%	8,6%	8,9%	5,9%	7,4%	9,0%	5,1%	6,9%
Á oft við um mig	31,1%	23,5%	27,0%	31,3%	22,4%	26,7%	29,5%	20,3%	24,7%
Á stundum við um mig	36,9%	39,7%	38,4%	38,4%	37,6%	38,0%	37,0%	39,0%	38,0%
Á sjaldan við um mig	16,3%	22,2%	19,4%	16,6%	24,4%	20,6%	18,0%	24,7%	21,4%
Á nær aldrei við um mig	4,6%	8,3%	6,6%	4,7%	9,7%	7,3%	6,6%	11,0%	8,9%

Tafla 42. Mér finnst námið vera of þungt. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000, 2004 og 2007.

Svarmöguleikar:	2000			2004			2007		
	Strákar	Stelpur	Heild	Strákar	Stelpur	Heild	Strákar	Stelpur	Heild
Á nær alltaf við um mig	2,2%	2,0%	2,1%	2,0%	2,5%	2,3%	2,7%	2,5%	2,6%
Á oft við um mig	15,0%	16,6%	15,9%	16,4%	19,4%	17,9%	15,7%	18,8%	17,3%
Á stundum við um mig	47,3%	49,5%	48,5%	46,5%	49,4%	48,0%	45,5%	48,9%	47,3%
Á sjaldan við um mig	27,5%	26,0%	26,7%	28,0%	23,5%	25,7%	27,5%	23,9%	25,6%
Á nær aldrei við um mig	8,0%	5,9%	6,9%	7,1%	5,2%	6,1%	8,7%	5,9%	7,2%

Tafla 43. Mér líður illa í skólanum. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000, 2004 og 2007.

Svarmöguleikar:	2000			2004			2007		
	Strákar	Stelpur	Heild	Strákar	Stelpur	Heild	Strákar	Stelpur	Heild
Á nær alltaf við um mig	1,6%	1,4%	1,5%	1,5%	1,1%	1,3%	1,1%	0,7%	0,9%
Á oft við um mig	4,3%	3,8%	4,1%	4,3%	3,9%	4,1%	3,3%	2,4%	2,8%
Á stundum við um mig	12,7%	13,0%	12,9%	11,2%	12,1%	11,7%	10,9%	10,2%	10,5%
Á sjaldan við um mig	33,0%	28,0%	30,3%	28,6%	27,9%	28,2%	29,3%	27,0%	28,1%
Á nær aldrei við um mig	48,3%	53,8%	51,3%	54,4%	55,0%	54,7%	55,4%	59,7%	57,7%

Tafla 44. Mig langar til að hætta í skólanum. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000, 2004 og 2007.

Svarmöguleikar:	2000			2004			2007		
	Strákar	Stelpur	Heild	Strákar	Stelpur	Heild	Strákar	Stelpur	Heild
Á nær alltaf við um mig	2,6%	2,0%	2,3%	2,7%	2,3%	2,5%	2,4%	2,1%	2,3%
Á oft við um mig	7,3%	5,5%	6,3%	5,9%	5,2%	5,5%	5,8%	4,2%	5,0%
Á stundum við um mig	15,2%	14,9%	15,0%	14,2%	13,9%	14,0%	13,8%	11,8%	12,8%
Á sjaldan við um mig	23,2%	20,6%	21,8%	20,9%	19,6%	20,3%	20,4%	18,6%	19,5%
Á nær aldrei við um mig	51,6%	57,1%	54,5%	56,3%	59,0%	57,7%	57,6%	63,2%	60,5%

Tafla 45. Mig langar til að skipta um skóla. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000, 2004 og 2007.

Svarmöguleikar:	2000			2004			2007		
	Strákar	Stelpur	Heild	Strákar	Stelpur	Heild	Strákar	Stelpur	Heild
Á nær alltaf við um mig	2,6%	2,0%	2,3%	1,5%	1,1%	1,3%	3,3%	3,9%	3,6%
Á oft við um mig	7,3%	5,5%	6,3%	4,3%	3,9%	4,1%	6,0%	6,4%	6,2%
Á stundum við um mig	15,2%	14,9%	15,0%	11,2%	12,1%	11,7%	13,3%	14,3%	13,8%
Á sjaldan við um mig	23,2%	20,6%	21,8%	28,6%	27,9%	28,2%	18,1%	17,5%	17,8%
Á nær aldrei við um mig	51,6%	57,1%	54,5%	54,4%	55,0%	54,7%	59,2%	58,0%	58,6%

Tafla 46. Mér semur illa við kenningarana. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000, 2004 og 2007.

Svarmöguleikar:	2000			2004			2007		
	Strákar	Stelpur	Heild	Strákar	Stelpur	Heild	Strákar	Stelpur	Heild
Á nær alltaf við um mig	1,4%	0,5%	0,9%	0,9%	0,6%	0,7%	1,1%	0,3%	0,7%
Á oft við um mig	2,5%	1,5%	2,0%	3,0%	1,5%	2,2%	2,5%	1,4%	1,9%
Á stundum við um mig	13,1%	9,4%	11,1%	13,7%	9,6%	11,6%	12,3%	8,7%	10,4%
Á sjaldan við um mig	32,8%	27,9%	30,2%	31,3%	30,9%	31,1%	30,5%	30,8%	30,6%
Á nær aldrei við um mig	50,3%	60,7%	55,8%	51,1%	57,5%	54,4%	53,6%	58,8%	56,3%

Tafla 47. Mér líður illa í kennslustundum. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000, 2004 og 2007.

Svarmöguleikar:	2000			2004			2007		
	Strákar	Stelpur	Heild	Strákar	Stelpur	Heild	Strákar	Stelpur	Heild
Á nær alltaf við um mig	1,2%	0,7%	0,9%	1,0%	0,6%	0,8%	1,0%	0,5%	0,8%
Á oft við um mig	3,3%	2,0%	2,6%	2,9%	1,7%	2,3%	2,2%	1,3%	1,8%
Á stundum við um mig	14,1%	9,8%	11,8%	11,6%	9,4%	10,5%	9,7%	7,2%	8,4%
Á sjaldan við um mig	33,0%	30,4%	31,6%	31,0%	28,9%	29,9%	29,1%	26,9%	28,0%
Á nær aldrei við um mig	48,3%	57,1%	53,0%	53,4%	59,3%	56,5%	58,0%	64,0%	61,1%

Tafla 48. Mér líður illa í frímínútum. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000, 2004 og 2007.

Svarmöguleikar:	2000			2004			2007		
	Strákar	Stelpur	Heild	Strákar	Stelpur	Heild	Strákar	Stelpur	Heild
Á nær alltaf við um mig	0,6%	0,8%	0,7%	1,0%	0,7%	0,9%	1,3%	0,8%	1,0%
Á oft við um mig	1,5%	1,3%	1,4%	2,0%	1,9%	2,0%	1,7%	1,7%	1,7%
Á stundum við um mig	4,7%	4,9%	4,8%	4,9%	5,3%	5,1%	5,4%	5,3%	5,4%
Á sjaldan við um mig	17,3%	15,3%	16,2%	17,3%	16,7%	17,0%	17,0%	15,7%	16,4%
Á nær aldrei við um mig	75,9%	77,7%	76,9%	74,7%	75,3%	75,0%	74,6%	76,5%	75,6%

Tafla 49. Mér finnst ég vera utanveltu í skólanum. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000, 2004 og 2007.

Svarmöguleikar:	2000			2004			2007		
	Strákar	Stelpur	Heild	Strákar	Stelpur	Heild	Strákar	Stelpur	Heild
Á nær alltaf við um mig	1,4%	1,3%	1,3%	1,5%	1,3%	1,4%	1,5%	1,4%	1,4%
Á oft við um mig	2,6%	2,1%	2,3%	3,4%	3,6%	3,5%	3,5%	2,7%	3,1%
Á stundum við um mig	10,1%	9,3%	9,7%	9,7%	9,0%	9,4%	8,9%	9,3%	9,1%
Á sjaldan við um mig	21,2%	18,0%	19,5%	20,4%	19,5%	20,0%	18,2%	17,7%	17,9%
Á nær aldrei við um mig	64,8%	69,3%	67,2%	65,0%	66,5%	65,8%	67,9%	68,9%	68,4%

Tafla 50. Mér finnst ég vera lögð/lagður í einelti í skólanum. Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árin 2000, 2004 og 2007.

Svarmöguleikar:	2000			2004			2007		
	Strákar	Stelpur	Heild	Strákar	Stelpur	Heild	Strákar	Stelpur	Heild
Á nær alltaf við um mig	0,5%	0,3%	0,4%	0,5%	0,3%	0,4%	0,8%	0,2%	0,5%
Á oft við um mig	0,4%	0,3%	0,3%	0,8%	0,2%	0,5%	0,7%	0,2%	0,5%
Á stundum við um mig	1,1%	0,9%	1,0%	1,9%	0,9%	1,4%	2,1%	0,7%	1,4%
Á sjaldan við um mig	4,9%	3,7%	4,3%	4,8%	4,4%	4,6%	4,5%	3,6%	4,0%
Á nær aldrei við um mig	93,1%	94,8%	94,0%	92,0%	94,2%	93,2%	91,9%	95,4%	93,7%

Tafla 51. Hversu vel telur þú þig standa í námi miðað við sammennendur þína? Hlutfall stráka og stelpna í framhaldsskólum árið 2007.

